

SAGA FRÍMANNS

EFTIR AÐ HANN FLUTTIST Á AÐRA JÖRD

I

Framundir 30 ár eru nú liðin síðan ég las fyrst bók, sem heitir: *A Wanderer in the Spirit Lands*. By Franchezzo. Transscribed by A. Farnese: Förumaður um andalöndin. Eftir Franchezzo (þ. e. förumanninn sjálfan). Ritað hefir A. Farnese. Undir formálanum stendur: London 1896. A. Farnese.

Kveðst A. F. oft hafa séð andann Franchezzo líkamnaðan, og hafi ýmsir, „sem vinir hans voru hér á jörðu, þekkt líkamninginn.“

Bókin, sem ég hefi fyrir mér, er prentuð í Chicago 1901, og í formála útgefandans (publisher) þar, er talað um ritarann (transcriber) sem mr. Farnese; en þó er það einungis dulnefni, og höfundur bókarinnar (ritarinn) er kona, sem hét (eða heitir) Anita Silvani, ófað ítölsk, og veit ég að svo stöddu, ekkert um hana, hefi aldrei séð hennar getið í ritum spiritista, og hefði hún þó átt skilið að verða fljótt stórfræg fyrir þessa bók. Telja má víst, að Anita Silvani sé engin önnur en unnustan, sem Franchezzo — er nefna má Frímenn — talar svo mikið um í bókinni. Því að þessi framlífssaga er að nokkru leyti ástarsaga, saga stúlku, sem lifði og varð gömul í þeirri ímyndun — að því er margir mundu halda — að hún hefði samband við framliðinn unnusta sinn, hefði jafnvel getað orðið honum að miklu liði í mannraunum þeim, er hann komst í framliðinn, og ætti eftir að lifa með honum í farsælu lífi, í því furðufagra landi, sem nokkuð segir af í bókinni, en ekki þó fyrr en undir sögulokin; því að ekki fór hann þangað fyrst eftir dauða sinn, heldur í fremur illan stað. Er það mjög eftirtektarvert, og nokkur galli á bókinni, en hinsvegar vel skiljanlegt, þegar þess er gætt, að það er

unnustan, sem hana hefir ritað, að þar er lítið á það minnst, hversvegna það var sem Frímenn kom ekki, þegar eftir dauða sinn, fram í fögrum stað og góðum. Bók þessi um ævi Frímenns eftir að hann dó, er býsna fróðleg, og hefi ég getið hennar oft en einu sinni í ritgerðum mínum, en þó finnst mér þörf á að segja allmiklu nánar frá þessari ævisögu en ég hefi þegar gert, enda skilningur minn á henni aukist ekki alllítið með árunum. Og full not sögu þessarar er ekki hægt að hafa, fyrr en menn eru farnir að skilja sumt, sem unnusta hins framliðna hefir ekki skilið. Því að hana hefir alveg vantað þann undirstöðuskilning, að unnusti hennar er að segja frá líkamlegu, jarðnesku lífi, þó að á annarri jörð sé, og í endurnýjuðum líkama, en vitanlega ekki í þeim sama sem í gröfina var lagður. En aðaltilgangur minn er einmitt að gera mönnum sem skýrast og skiljanlegast, að lífið, eftir dauðann er í raun og sannleika framhald lífsins hér á jörðu, að því leyti til, að það er engu síður jarðneskt og engu síður líkamlegt. Og er sú þekking það, sem ekki verður án verið (conditio sine qua non), ef á að geta komist á það samband milli frumlífs og framlífs, sem nauðsynlegt er til þess að komist verði af helvegi.

II

Frímenn var, eins og getið verður um seinna nokkru nánar, maður mjög stórættaður. Hann var vel gefinn bæði á líkama og sál, og frá barnæsku fékk hann sífellt að heyra lof um sig, og þótti honum lofið gott. Hann hafði átt margar unnustur, og þurfti ekki annars en láta í ljósi óskir sínar í þeim efnum, til að þeim væri fullnægt. En sanna ást hafði hann ekki þekkt fyrr en hann kynntist ungri stúlku, ófað einmitt þeirri, sem framlífssögu hans hefur ritað, og segir það ekki ósatt, að efnið sé fengið frá honum, þó að hinsvegar geti ekki verið efamál, að margt hefir aflagast.

Frímenn dó snögglega, hálfertugur, að því er virðist, og lýsir hann því ekki nánar, hvernig dauða hans bar að, segir aðeins: „En svo kom allt í einu yfir mig ógurlegur, óvæntur dagur, þegar mér var skyndilega svipt burt úr lífinu og steypt

í það dauðans djúp sem allra bíður. Og ég vissi ekki, að ég hafði dáið.“ Eftir nokkurra klukkustunda þjáningar hafði hann sofnað fast, og þegar hann vaknar er hann aleinn og í svarta myrkri. Hann gat nú staðið á fætur, og jafnvel gengið, honum leið betur en áður en hann sofnaði, en hann furðar sig á þessu myrkri. Hann fer nú að fálma fyrir sér, leitar að dyrum en finnur ekki, finnur heldur ekki neinn vegg, ekkert nema þreifandi myrkur. Eftir langa árangurslausa leit að veggjum herbergisins, setur að honum svo mikla skelfingu, að hann hljóðar hátt. En enginn svarar. Hann fer nú að þreifa á sér, finnst sem hann sé eitthvað undarlega breyttur orðinn, og ekki til batnaðar, bæði andlitið og líkaminn allur. Verður nú þess að gæta, að hinn dauði líkami hans liggur að vísu í rúminu og í herberginu, þar sem hann hafði dáið, en þessi líkami, sem honum finnst svo undarlegur og hann er svo óánægður með, er nýmyndaður, og að vísu ekki vel, á jörð, sem er í milljón eða öllu heldur billjóna billjóna mílna fjarlægð frá þeirri, sem hann hafði yfirgefið. Loks er hann svo yfirkominn, að hann hnígur niður og missir meðvitundina. Þegar hann raknar við, gleðst hann mjög af því, að hann sér unnustu sína. Er hún svartklædd, föl og döpur, og stendur við langa, lága moldarhrúgu, með blóm í höndum. Hún krýpur nú á kné við þessa moldarhrúgu, og horfir á hana lengi, en hrollur fer um Frímann, því að honum skilst nú, að hann hafði dáið og að moldarhrúgan er hans eigið leiði. Og sem hann horfir á leiðið sér hann í gegnum það og á kistuna, og gegnum hana, og niður á sitt eigið lík, sem þegar var farið að verða viðbjóðslegt. Kemur honum nú í hug, hvort þetta myrkur þýði það, að hann sé í helvíti.

Segir nú frá því, hvernig unnustan leitast við með tilstyrk miðils að fá samband við hann, og þegar hún bíður hann að láta sig vita, hvort hann sé þarna nálægur, tekst honum með hjálp framliðins úr góðum stað, sem þarna var viðstaddur, að fá hana til að skrifa „já“. Brosir hún þá, og tekst að fá svar við enn annarri spurningu, sem hún beinir til hans. Nokkurs missskilnings verður vart, þegar talað er um návist hans á þessum miðilfundum, því að hinn nýi líkami hans var

kyrr í þessum myrka stað, sem áður er getið, og má ekki láta það villa sig þegar sagt er, að honum hafi fundist sem mjór en óslítandi fjötur héldi sér í nágrenni við gröf sína og líkið í henni. Var honum það mikil þraut og viðbjóður, að hann gat ekki komist hjá því að sjá og jafnvel einnig finna, hvernig líkaminn í gröfnni var að rotna. En eftir að unnustan var orðin sannfærð um að hún gæti fengið samband við hann, fór hún að vanrækja gröfina, og kom ekki með blóm eins og áður; og allt í einu slitnar svo þessi fjötur, og verður hann feginn mjög, er hann losnar við gröfina og líkið. Virðist mér þetta mjög eftirtektarvert, og ekki ólíklegt, að þetta samband við hinn dauða og rotnaða líkama, sem framliðnir minnst ekki sjaldan á, kunni að nokkru eða jafnvel mestu leyti, að stafa af því, að menn vita ekki, eða gera sér ekki nóg ljóst, að hinn framliðni er ekki í gröfnni, heldur aðeins líkaminn, sem ónýtur var orðinn, en nýr líkami fenginn, stundum betri, en stundum verri en líkaminn hafði verið hér á jörðu. Og á svipaðan hátt verður líklega að skýra það, sem í mörgum þjóðsögum er getið um, að framliðnir láta sér annt um að bein þeirra séu grafin.

III

Ekkert af því, sem af Frímanni er sagt meðan hann lifði hér á jörðu, er næg skýring á því, að hann kemur fram í svona leiðum stað, eftir dauða sinn. Hann hafði verið skapstór hæfileikamaður, eigingjarn og drambsamur, en það er ekki næg skýring þess, að hann endurlíkamast í myrkraríki, þ. e. þeim megin á hnetti bundinsnúnum, sem aldrei sér sól. Til þess að lenda þannig í myrkheimi þurfti hann að hafa framið eitthvert illvirki, t. d. drepið einhvern í sambandi við hin fyrri ástamál sín, og þá um leið orðið fyrir þeim áverka, sem hann dró til dauða. En skiljanlegt er og afsakanlegt, þó að unnustan leiði hjá sér að segja frá því.

Frímann fer nú að verða var við, að fleiri eru þarna í myrkrinu en hann einn, og fyrr en varir koma að honum tvær herfilega ljótar konur, sem eru í fylgd með karlmanni, einnig afskræmislega ljótum, þó að ekki sé hann alveg eins

ófríður og þær. Þetta fólk gefur sig nú á tal við hann og vill fá hann með sér, en hann slítur sig af því, með tilstyrk unnustu sinnar, að því er honum virðist, og ráfar nú lengi einn um í myrkrinu. Eftir það tekur hann þátt í miðilfundi, þar sem unnustan er, og sofnar síðan, og sefur mjög lengi.

Þegar hann vaknar, er hann miklu hressari en áður, en finnur nú mjög til hungurs. Leitar hann lengi að einhverju ætilegu og finnur loks nokkrar brauðskorpur, sem hann etur og verður gott af. Segir þá af því, hvernig Frímann eignast fyrst heimili eftir dauða sinn. Er það nokkurskonar sjúkrahús og á það félagsskapur, sem nefnist Bræðralag vonarinnar. Er það einn af bræðrunum, sem finnur hann þarna í myrkrinu og tekur hann með sér á spítalann. Er það geysistórt hús, úr mjög dökkgráum steini, með mörgum löngum göngum, nokkrum stórum söllum, þar sem flutt eru fræðandi erindi, og fjölda af smáklefum. Er í sumum ekkert annað en legurúm mjög óvandað, en í klefa þeim, sem Fr. er fenginn, er auk þess borð og stóll. Þetta var hús sorgarinnar, segir Fr., allir voru þarna þjáðir, en þó var þetta einnig hús vonarinnar, því að hver sem þarna kemur, hefir stigið fyrsta sporið á leiðinni til ljóssins. „Andar“ úr betri stöðum annast hina framliðnu, sem þarna er verið að koma á bataveg. Sumir eru alveg rúmfastir, en þeir sem fótavist hafa, safnast saman í hinum stóru söllum og hlýða á erindi, sem kenna þeim að átta sig sem best á ævi sinni hér á jörðu, skilja gjörla, að hverju leyti þeir hafa lifað ekki rétt, og hvernig úr því verði bætt. Ekki líður á löngu áður Fr. er ekki einungis sjúklingur, sem hjúkrað er, heldur fer sjálfur að taka þátt í hjúkrun þeirra, sem verr líður en honum.

IV

Frímann kemst fljótt á framfaraleið, áhugi hans á að lifa batnandi er svo mikill. Nokkrum mánuðum eftir dauða sinn er hann sjálfur kominn í Bræðralag vonarinnar. Hann er nú aftur á ferð um myrkrasvæðið, en nú með hið litla ljós, sem allir Vonarbræðurnir hafa í hendi, og leitast við að hjálpa þeim, sem ráfa í myrkrinu eins og hann hafði gert, og leið-

beina þeim til húss vonarinnar. Hann segir svo, að hann fari um jarðarsvæðið; en það er misskilningur. Starfssvið hans er myrkheimur annarrar jarðstjörnu. En hann vinnur einnig á annan hátt. Hann setur sig í andlegt samband við þá, sem enn eru á lífi á vorri jörð, og leitast við að nota sína eigin sorglegu reynslu úr jarðlífinu, til bætandi áhrifa, bæði með því að senda þeim, sem ætlast eitthvað illt fyrir, aðvarandi hugsanir og tilfinningar, er þeir vaka; og eins með því að skapa þeim drauma, sem miða í sömu átt. Þetta er mjög fróðlegt, og sýnir, eins og svo margt annað í þessari ævisögu framliðins, að ekki er um skáldsögu að ræða. Drauma vora er einmitt að rekja til sambands við framliðna, sem nú byggja aðrar jarðstjörnur. En fáfræðin hér hjá oss er ennþá meiri en svo, að draumlífið geti orðið oss að þeim notum, sem þyrfti að vera.

Frímann segir, að Vonarbræðralagið sé aðeins eitt af óteljandi félögum í „andaheiminum“, sem hafa þann tilgang að verða þeim að liði, sem hjálpar þurfa. Þar er hver félagsskapurinn öðrum æðri, og er þar ávallt leitast við að hjálpa þeim uppávið, sem ófullkomnari eru. Er í þessu mikill og merkilegur sannleikur fólgin, en muna verður, að ekki er um andaheim að ræða, heldur um líf á jarðstjörnum alheimsins. Erfiðleikar vorir hér á jörðu stafa af því, að vér höfum sakir vanþekkingar og ills samkomulags aðeins lítilllega getað fært oss í nyt þá hjálp, sem leitast er við að veita. Í sögu þessari kemur ekki fram neinn skilningur á því, að þessari hjálp verður aðeins að mjög litlu leyti til vor komið hér á jörðu, enn sem komið er, og þá vitanlega heldur ekki á því, hvernig ráða megi þar bót á.

V

Frímann gengur svo vel fram í þessu starfi sínu, sem vikið var á, að hann getur flutt til betri staðar, sem hann nefnir Rökkurlandið. Fær hann þar bústað í mikilli byggingu, sem Bræðralagið á, og líkist að vísu mjög þeirri, sem áður var lýst, en er þó ekki eins dökk og dapurleg. Og herbergi hans er nú mun skemmtilegra. Og þar eignast hann gersemi

mikla, en það er mynd af unnustunni, og þó því líkara sem hann sjái hana þarna í spegli, því að þegar hann langar mjög til að vita, hvað hún sé að gera þá stundina, er sem hann sjái það. Einnig er þar, í litlu glasi hvít rós, óútsprungin, sem aldrei virtist fölna eða visna. En í kringum húsið voru algerlega gróðurlausir vikrar.

Frímenn segir sitthvað fróðlegt af ferðum sínum meðan hann dvaldi þarna í Rökkurlandinu, og kemur þar vel í ljós, að ekki er um andaheim og anda að ræða. Einusinni kemur hann í mikinn dal, og eru gráar grjóthlíðar að. Ekki var þar stingandi strá, og ekkert öðruvísi en grátt á lit. Margir áttu þarna heima, en þó engir aðrir en þeir, sem í lífinu hér á jörðu höfðu einungis hugsað um sjálfa sig, en aldrei gefið rúm neinum góðum tilfinningum gagnvart öðrum. Þegar upp úr dalnum kom, tóku við sendin víðáttumikil öræfi, en þó ekki með öllu gróðurlaus. Og sumir íbúanna höfðu jafnvel reynt að gera garða í kringum hina aumlegu kofa, sem þeir höfðust við í, og mátti þar sjá nokkrar grasblöðkur og sprota af dvergrunnum. Fólkið þarna var mjög tötralegt og vesalmannlegt, og hafði þó margur maðurinn þar verið voldugur og stórauðugur í lífinu hér á jörðu. Sumt fólkið þarna hafði áður átt heima í dökkgráa dalnum gróðurlausa, en annað var þangað komið beint úr jarðlífinu.

Frá þessu landi kemur Frímenn þangað sem öllu skuggsýnna er. Og fólkið þar virtist ennþá verr lynt, og átti í sífelldum illdeilum og áflogum. Virtist honum ýmislegt þarna líkt því sem er í fátækrahverfum stórborganna, en aðeins miklu aumlegra.

Þá segir Frímenn frá ferð sinni til lands ísa og snjóa. Eitt það, sem hann sér fróðlegast þar, er búr, sem virðist gert af klaka, og þó sterkt sem stál. Og í búi þessu er maður, sem verið hafði einn af aðalmönnum trúarrannsóknarréttarins í Feneyjum, þess sama, sem dæmdi Giordano Brúnó, einn af ágætustu mönnum, sem á þessari jörð hafa lifað, til langrar og grimmilegrar fangelsisvistar, og afhenti hann síðan rannsóknarréttinum í Róm, sem lét brenna hann lifandi. Maður þessi, sem Fr. sér þarna í klakabúrinu, hafði verið

hinn mesti grimmdarseggur, og margir voru þeir, sem hann hafði látið kvelja og drepa. Og nú var fram hjá búrinu sífelldur straumur af vofum þeirra, sem hann hafði látið fara þannig með. Lemstraðir voru þeir og kramdir, með flakandi, blæðandi sár eftir pindingarnar, sem hann hafði á þá lagt. Það sem er sérstaklega fróðlegt í þessari frásögn, er þetta: Mennirnir, sem þessar hörmungar höfðu orðið að þola, eru algerlega lausir við þessar vofur, sem þó sýnast vera þeir. Kvalarinn í búrinu hafði sjálfur lagt til efnið í þessar vofur, segir í bókinni; en það sem ekki er þar tekið fram, og þó er fróðlegast, er þetta: Tilfinning kvalarans er í þessum vofum, og hann fær sjálfur að reyna allan þann bruna og sviða, sem hafði verið í sárum þeim, sem þær bera á sér. Þannig er réttlætið. Enginn dómur hafði verið kveðinn upp yfir hinum framliðna grimmdarsegg, en það er náttúrulögmál, að allar þær kvalir, sem hann hefir bakað öðrum lenda að lokum á honum sjálfum

Frímenn hafði aðeins skamma viðdvöl þarna í klakalandinu; hann sá þar svo margt, sem honum hraus hugur við, en hinsvegar engar horfur á að hann gæti þar nokkru góðu til leiðar komið. Á leiðinni þaðan sér hann marga hella geysistöra, sem kallaðir voru dásvefnshellarnir. Lá þarna mikill fjöldi af „öndum“, algerlega meðvitundarlausum. Var honum sagt, að þarna væru menn, sem hefðu eyðilagt líf sitt með ópíumsnautn, og að margir mundu liggja þannig í dái svo öldum skipti, og jafnvel eftir að þeir væru vaknaðir, mundu þeir verða lengi að komast á framfaraleið.

Það er ekki laust við, að Frímenn fagni því nálega sem heimkomu, þegar hann snýr loks aftur til hins litla, óvistlega herbergis síns í Rökkurlandinu. Reynir hann nú enn að segja nokkuð af ævi sinni þar. Stundum etur hann einfaldan mat, en oft liður heil vika án þess að hann hugsi um að matast. Og svipað er um svefninn. Oft leið svo langur tími, að hann svaf ekkert, en þess á milli gat hann aftur sofið svo vikum skipti. Vanalega var hann gangandi á ferð, en stundum gat hann þó svifið skamman spöl í loftinu, og þó aðeins lágt yfir jörð. Mun flestum eða öllum vera þetta ástand kunnugt úr

svefni. Má af draumum, sem að því er virðist, flesta menn dreymir, eða jafnvel alla, fá nokkuð glögga hugmynd um þetta byrjunarstig þess að geta svifið í lofti, og þá vitanlega fyrir samband við draumgjafa á einhverri annarri jörð, sem byrjandi er í þeim efnunum. Finnst mönnum nokkuð líkt um fyrst, þegar þeir geta farið að svífa í lofti, og þó svo lágt yfir jörð, að þeir verða jafnvel að halda upp fótunum til þess að reka þá ekki í, eins og þegar menn eru að læra sund, og geta allra fyrst farið að losa fætur úr botni og fleyta sér. Og er þó ærinn sá munur, hvað mönnum finnst miklu meira um að geta svifið í lofti en vatni.

Frímenn lýsir búningi sínum meðan hann dvaldi þarna á Rökkurlandinu. Var hann í kufli síðum, mjög dökkum með hettu; gulum lunda hafði hann hnýtt um sig, en á vinstri ermi var saumað gult akkeri, og undir því orðin: Vonin er eilíf. Kveðst hann hafa verið visnari, hrukkóttari, lotnari og að öllu ellilegri en hann mundi hafa verið hér á jörðu, jafnvel sem hundrað ára öldungur. Er það mjög mikilsvert að vita, að erfiðleikarnir á því, að þeir sem ekki hafa lifað rétt hér á jörðu, geti eftir dauðann, öðlast fagan og sterkan líkama, eru mjög miklir. Er Frímenn, sem verið hafði mikill fríðleiksmaður, það erfið skapraun, að vera orðinn afskræmislega ljótur, en hann er viljasterkur maður, og fullur af áhuga á að láta sér fara fram. Leggur hann nú mikið á sig að veita hjálp, þar sem því verður við komið, og reyna að ná taumhaldi á því í sínu eigin lundarfari, sem miður hafði verið. Og þessi einbeitta ástundun hans var ekki árangurslaus. Eitt hvert sinn, er hann kemur heim úr einhverri ferð til jarðarinnar (þar mun nú raunar vera um einhverja missögn að ræða) er hann alveg óvenjulega syfjaður. Hann leggst niður í rúm sitt í litla herberginu, sem áður hefir verið að nokkru lýst, og steinsofnar undireins. Og var þó raunar, að hann dó þarna í annað sinn, og var býsna mikill munur á þessum öðrum dauða og hinum fyrsta, er hann eftir stríðar kvalastundir dó burt af jörðinni, til þess að vakna upp aftur í myrkheimi annarrar jarðar, og þó ljótari orðinn en nokkur öldungur verður hér á jörðu, hann sem verið hafði orðlagð-

ur friðleiksmaður. Og nú þegar hann vaknar finnur hann enn, að mikil breyting er á orðin. Það er fyrst, að nú er hann ekki í náttmyrkri, eins og hið fyrra sinn, ekki einusinni í rökkri. Hvílik blessuð breyting, segir hann. Nú var dagsbirta, og þó að vísu einungis eins og um aftureldingu. Sólin var ekki komin á loft, og eins og hann komst að raun um, komst sólin aldrei á loft í þessu landi aftureldingarinnar. Og þegar hann nú fer að litast um, sér hann, að hann er í öðru herbergi og liggur í góðu, hvítu, mjúku rúmi. Hár gluggi er þar á herberginu, og útsýn yfir land með fjöllum og ásum. Tré voru þar engin eða runnar, og varla nokkrar blómjurtir, en burkna sér hann þarna og grænar grundir, og voru þetta mikil umskipti frá vikurauðnum Rökkurlandsins. Himininn er þarna ljósblágrænn, og hátt uppi hvít smáský, sem ber hratt yfir, en út við sjónhring skýjabakki. Nokkrar myndir eru þarna í herberginu, myndin af unnustunni er þar komin, en auk þess nokkrar myndir af atvikum úr jarðlífinu, sem hann gat minnst með ánægju, og svo ennfremur myndir úr „andalífinu“, eins og unnustan, sem ritað hefur bókina, kemst að orði, því að hún heldur alltaf, að um andaheim og andalíf sé að ræða. En ef vér værum enn með nokkrar efasemdir í þá átt, þá ætti áframhaldið að geta látið þær hverfa með öllu. Frímann sér þarna spegil og lítur í hann, en verður svo forvið, að hann hrekkur afturábak. Hann trúir ekki sínum eigin augum, hann getur ekki trúað því, að það sé hann sjálfur, sem honum ber fyrir augu, þegar hann lítur í spegilinn. Aftur og aftur lítur hann í spegilinn áður en hann sannfærist. Jú, það var hann sjálfur orðinn ungur aftur. Hann, sem hafði verið svo ljótur og ellilegur, var aftur orðinn ungur og friður. Hann skoðar sig nú í krók og kring með vaxandi ánægju. Hörund hans er orðið slétt, hann er fastholda og sterkur. Hann er ekki enn búinn að jafna sig, þegar inn kemur „andi“, og erindi hans að sækja hann til veislu, sem halda átti til að fagna honum og fleirum, sem eins og hann höfðu losnað úr Rökkurlandinu, af því að þeir höfðu þar barist góðri baráttu. Þeir komu nú í mjög stóran sal með mörgum gluggum, og sér þar út yfir stórt, lygnt stöðuvatn,

en fjalllendi fjær. Þarna voru löng borð dúkuð, og sæti sett fyrir allan þann fjölda, sem þarna var, en það voru 5—6000 Vonarbræður, nýkomnir í þennan stað eins og Frímann, og um 1000 eldri, sem þarna höfðu dvalið um hríð. Ganga þessir eldri Vonarbræður um og tala vingjarnlega við hina nýju gesti, og þekkjast þar þá ýmsir af því, að þeir höfðu áður hist í löndum myrkurs og rökkurs, og orðið þar samtaka að einhverju góðverki. Bíða nú allir eftir komu formanns Vonarbræðrasamlagsins á því sviði, og vonum bráðar ljúkast þar upp miklar dyr fyrir salarenda, og inn kemur formaðurinn, mjög fríður og virðulegur „andi“ í fagurbláum klæðum, en á eftir honum sveit blá- og hvítklæddra unglinga, er héldu á lárviðarsveigum. Formaðurinn heldur nú fagra ræðu, hinir nýkomnu eru krýndir lárviðarsveigum, og fögnuðurinn er mikill. Síðan er sest undir borð, en veislukosturinn er létt brauð, mjög gómsætir ávextir, og vín sem er mjög bragðgott og svalandi, en ekki áfengt.

Í þessum stað nýtur nú Frímann hvíldar og hressingar um hríð, áður aftur væri lagt á þá Bröttubrekku, sem er leiðin til hins fullkomnara lífs. Og meðan hann dvelur þarna veitist honum sú ánægja að sjá föður sinn. Móðir hans hafði dáið frá honum svo ungum, að hann mundi varla eftir henni, en með þeim feðgum hafði verið mjög ástúðlegt, og gladdist faðirinn mjög yfir þessum syni, sem svo ljómandi lífsbraut virtist eiga fyrir höndum, sakir ættar og atgervis. Og þegar að því æviskipbroti kom, sem unnustan hefir ekki viljað segja oss frá, og endi gerði á öllum slíkum vonum, þá fékk það svo mikið á föðurinn, að hann dó skömmu síðar. Og þarf ekki að efa, að það er rétt, sem þarna segir, að fagnafundur hafi orðið með þeim feðgunum. Talast þeir nú lengi við, og segir faðirinn, að verið sé að undirbúa leiðangur til enn miklu verri staða en Frímann hafði komið í áður, og hvetur son sinn til að taka þar þátt í. Var Frímann þess auðeggjaður, enda skiljanlegt, að á framfarabrautinni sé auknum kröftum beitt til enn erfiðari góðverka en áður. Var tilgangurinn með leiðangri þessum sá, að hjálpa þeim, sem nokkur kostur var á að bjargað yrði burt úr hinum illu stöð-

um, og koma þeim fyrst á svipuð hæli og lýst hefir verið áður. Foringi fararinnar er maður, sem sjálfur hafði fyrir löngu verið í Helvíti, er svo má nefna, því að um er að ræða einmitt slíka staði, sem trú á helvíti á rót sína til að rekja.

Leiðangursmenn fara nú loftferð mikla, og er ekki ólíklegt, þó að það sé ekki tekið fram, að tilgangurinn með þessari hressingardvöl Frímanns, sem síðast segir frá, hafi meðfram verið sá að búa sig undir að geta tekið þátt í þesskonar flugi. Og er þeir nú svífa áfram, sjá þeir álangdar biksvartan reykjarmökk, „eins og frá þúsundum risavaxinna eldfjalla,“ og bála þar upp dumbrauðir blossomar. Og að lokum koma þeir niður á svartan fjallstind, þar sem þeir hvílast um stund, og taka til nestisins, sem var „andlegir“ ávextir. Þeim er þungt þarna um andardrátt og sækir á þá svo mikið magnleysi, að þeir geta varla hrært legg né lið. Leggjast þeir nú niður og sofna fast. Þegar þeir vakna er mikil breyting á orðin. Þeir hafa í svefninum verið magnaðir þannig, að þeim er nú miklu auðveldara orðið um andardrátt og allar hreyfingar en fyrst. En hæfileikinn til að geta hafist upp frá jörðinni og svifið í loftinu, er farinn. Minnir þetta á, hvernig þessi hæfileiki er ekki til hér á jörðu nema hjá fáeinum mönnum, og á svo lágu stigi þó, að flestir eru mjög vantrúaðir á að slíkt geti átt sér stað. En þó mun þetta verða algengt, þegar vér getum öll orðið samtaka um réttan skilning á æðri tilverusviðum og sambandinu við þau. Þeir leiðangursmenn skiptu nú liði og verða aðeins 2 og 3 saman. Er með Frímanni „andi“, sem nefnist Tryggvin. Hafði hann áður verið í Víti og var því vel fallinn til að leiðbeina Fr. í þessu landi skelfinganna. Segir hann þó, að þeir muni fljótt verða að skilja, en lofar að koma, þegar honum liggi mikið við. Nálgast þeir nú bakka þar sem sífellt leiftra rauðir blossomar. Þegar nær dregur, sér Frímann, að þarna er eins og há, blossomandi girðing, og það er einungis vegna þessara blossa, sem ekki er niðdimmt.

Segir Tryggvin nú, að gegnum þennan eldvegg verði þeir að fara til þess að vinna verk sitt, tekur síðan í hönd hans, koma þá þarna fram eins og göng í eldvegginn, sem þeir

vaða í gegnum, og eru á komnir í „land næturinnar“. Staldrar þeir nú við og litast um, og er þar að sjá „hrúgaldsleg og nybbótt“ fjöll, og furðar oss ekki á þeirri frétt, þar sem bersýnilega er um mjög stórkostlegt eldfjallaland að ræða. Miklar vikur- og sandauðnir eru þarna, en sumsstaðar mjög víðlendar mýrar og flóar með ýmiskonar viðbjóðslegum dýrum, sem skriða þar í svartri leðjunni, en uppi yfir flögra geysistórar leðurblökur. Þá sjá þeir enn stóra skóga af risavöxnum trjám og furðar oss mikið á að fréttu af skógargróðri í landi næturinnar, enda kemur í ljós, að alls ekki er um skógartré að ræða, heldur einmitt myrkragróður, sveppjurtir nokkurskonar, mjög stórvaxnar, og einmitt af því tagi, sem búast má við í Víti, eins og síðar segir frá.

Frímenn getur nú, við hina dauðu, rauðu birtu frá eldfjöllunum, greint að þeir eru komnir að breiðri braut, sem liggur yfir sléttuna, og voru þarna troðningar eftir marga „anda“-fætur. Þeir félagar leggja nú leið sína eftir þessum troðningum, og koma innan skamms að stórri hvelvingu, illa gerðri, úr svörtu, illa tilhöggnu grjóti. Segir Tryggvin, að þarna sé hlið borgar, sem kölluð er borg grimmdarinnar. Er þar fyrir tjald alsett augum manna, sem kvaldir höfðu verið, og er sem þau séu lifandi. Og meðan þeir vinirnir eru að virða fyrir sér þetta hryllilega hlið, dregst tjaldið frá og tvær mannverur skjótast út; eru þessar verur þó að ýmsu leyti dýrum líkari en mönnum, og dauðhræddar, því að hinn tröllslegi og ferlega ljóti hliðvörður gerði sig líklegan til að grípa til þeirra. En vinirnir sæta þarna lagi til að komast inn í borg grimmdarinnar. Ganga þeir nú eftir breiðri brú úr svörtum marmara, en til beggja handa eru rjúkandi gjár, hyldjúpar. Hópar af þrælum ganga um brúna til og frá, en hún liggur upp af innri múr borgarinnar. Sumir bera þrælarnir þungar byrðar, en aðrir hafa digra járnhringi um hálsinn og eru hlekkjaðir saman; margir þrælarnir skriða fremur en þeir ganga. Tryggvin segir, að þarna sé eftirmynd af rómverskri borg, sköpuð af öllu því versta, sem þar hafði verið. Eintóm illmennir eru þarna samankomin, en í öðrum stað „andaheimsins“, er önnur eftirmynd þessarar borgar,

þar sem halda áfram lífi sínu allir þeir, sem góðir höfðu verið í þeim stað. Kenningu þessa má finna víðar, t.d. segir Swedenborg, að til sé í „andaheiminum“ eftirmynd af Lundúnaborg, bæði í illum stað og góðum, og þó að hvortveggja sé eftirmynd af Lundúnum, þá sé munurinn mjög mikill, eins mikill og á illu og góðu. Vinirnir ganga nú inn í borgina og er þar ógurlegt um að litast. Stórkostlegar hallir eru þar og víð torg og mikið af marmara, en allt er þetta sundursprungið og útatað. Einkennilega viðbjóðslegur slepjóttur gróður hefir sest að í sprungum marmarans, og víða eru blóðblettir og blóðpollar. Og upp um allar rifur lagði heita, óholla gufu. Þeir ganga að þeirri höllinni, sem stórkostlegust er og var það keisarahöllin. Allsstaðar sjá þeir þræla, sem hraktir eru áfram með svipum og jafnvel spjótum, en blótsyrði og formælingar kveða við úr öllum áttum. Enginn virtist taka eftir þeim vinunum. Þeir ganga nú upp breitt marmararið og halda áfram uns þeir koma að salnum, sem keisarinn er í, og þar kveður Tryggvin Frímann, segist ekki fara lengra með honum, af því að það mundi einungis gera honum erfiðara fyrir um að koma fram erindi sínu, en það var að bjarga einum þeirra manna, sem þarna voru inni, burt úr þessum stað. Fer nú Frímann inn í salinn, og er þar fjölmenni fyrir, en allt var það fólk herfilegt ásýndum, og í búningum, sem einusinni höfðu verið glæsilegir, en nú voru tötrar einir, en sjálft var fólkið að sjá líkast því sem það væri holdsveikt, og þó ennþá miklu hryllilegra. Blóðblettir voru þarna og blóðslettur, bæði á gólfinu og upp um veggina. Keisarinn sat í miklu há sæti, illúðlegri á svip en nokkur annar, sem þarna var. Í einu horninu sat maður, sem Frímann skildi brátt, að mundi vera sá, sem hann átti að reyna til að bjarga. Reyndi maður þessi að hylja afskræmt andlit sitt með skikkjunni. Vissi Frímann nú ekki, hvað til bragðs skyldi taka, en treysti því þó, að sá máttur er hafði stutt hann til að komast í þennan stað, mundi einnig styðja hann til að koma fram erindi sínu. Nú tekur keisarinn eftir honum, og talar til hans af þjósti nokkrum, en býður honum þó að fá sér sæti og taka þátt í veislunni, sem þarna var, en

Fr. neitar kurteislega og kveðst hvorki vera svangur eða þyrstur. Bregður nú reiðisvip yfir andlit keisarans og er sem eldur brenni úr augum hans, en þó stillir hann sig. „Andinn“, sem Fr. var ætlað að bjarga kemur nú til hans og hvíslar að honum, að hann skuli reyna að flýja sem fyrst burt úr þessum stað, og varast að láta ginnast af orðum keisarans; en Fr. kveðst ekki munu flýja, en sjá við hverri tálsnöru. Keisarinn tekur eftir tali þeirra, lýstur sverði sínu í gólfið og segir: „Kom þú nær, gestur, kanntu þig svo illa, að þú látir keisara bíða? Líttu á hásæti mitt, sestu þar og fáðu augnablik að reyna, hvað þér muni finnast um að sitja í sæti keisara.“ Tvö gríðarmikil málmlíkneski sexörmuð mynduðu hásætið og héldu uppi hásætishimninum. Og er Frímann lítur þangað virðist honum sem líf hafi færst í líkneskin og að í örmum þeirra engist „andi“, sem þau eru að kremja sundur. Sýnir þetta eins og svo margt annað í þessari frásögn, að ekki var um anda að ræða, heldur veru af holdi og blóði; en það var næring keisarans, að hann saug til sín lífsorku þeirra, sem þarna voru kramdir sundur. Er slíkt mjög ástundað í hinum illu stöðum, að ná til sín lífsorku annarra, og tekst það því betur sem þeir eru meir kvaldir; en þó kemur einhverntíma að því, að skila verður aftur öllu, sem ranglega er fengið, og taka út á sér sjálfum allar þær kvalir, sem menn hafa öðrum valdið. Frímann skilur nú, hvað honum muni vera ætlað, og neitar aftur og þó kurteislega, þeim „heiðri“, sem átti að sýna honum. En nú er stillingu keisarans alveg lokið, kallar hann ofsareiður til varðmanna sinna, að grípa Frímann og keyra hann niður í hásætið. Hlupu hermennirnir þá til og ætluðu að taka Fr., en sá, sem hafði varað hann við, hleypur fram fyrir hann honum til varnar. Svo ógurlegur var þessi hópur, sem að Frímanni sótti, að honum fellst hugur, og þó aðeins augnablik, þrífur hann síðan í þann, sem hann vissi, að hann átti að bjarga og tekst að komast með hann fram að dyrunum og út; lokast síðan dyrnar, og þannig, að þeim sem inni voru tókst ekki að opna. Er nú sem sterkir armar þrífi þá Fr. þarna burt, og eru þeir settir niður á hina auðu sléttu fyrir utan borgina.

Liggur nú maðurinn, sem bjarga átti, þarna meðvitundarlaus, og sér Fr., að fjórir svipfagrir „andar frá æðri sviðum“ standa yfir honum og fara um hann höndum. En upp af hinum dökka afskræmda líkama, sem lá þarna sem dauður væri, reis ljósleit móða, sem þéttist meir og meir og tók loks á sig mynd mannsins, en þó mjög fegraða. Því næst tóku „andarnir“ manninn, sem með þeirra tilstyrk hafði þarna endurlíkamnast, á arma sína, hófust á loft og hurfu, en hinn dauði líkami lá þar eftir. Frímann sér nú standa þarna hjá sér veru og er sú ljós mjög, og segir við hann: „Vertu glaður, sonur Vonarlandsins, því að þér mun auðnast að hjálpa mörgum í þessu landi myrkursins.“ Að svo mæltu hvarf veran, en Frímann stóð þarna einn eftir, á hinni auðu sléttu í Víti. Hann sér nú fyrir sér mjóan götutroðning og hyggst kanna, hvert hann liggi. Hefir hann ekki lengi gengið áður hann kemur að rótum svartra fjalla, og brátt verður fyrir honum hellismunni geysimikill. Er það mjög greinilegt, að þarna er um eldfjallamyndanir og jarðhita að ræða. Í hellinum er stór tjörn, sjálfsagt volg, og í kringum hana ýmiskonar viðbjóðsleg skriðdýr, en í lofti og veggjum hellisins er einhver mjög ógeðslegur slepjóttur gróður sveppakyns. Fr. heldur nú áfram meðfram tjörninni, uns verður fyrir honum afhellir, þar sem hann sér furðu hryllilega sjón. Afhellir þessi er feikna víður og hátt til loftsins, sem stundum er hulið af reyk, en stundum bregður bjarma á, því að á hellisgólfinu er kynnt stórt bál, og dansa þar í kring hryllilegar verur í manns mynd, með ópum og hlátri. Fr. sér nú að í eldinum er mikill fjöldi manna, sem engjast af kvölum, og að verurnar, sem dansa í kringum bálið, leggja til þeirra löngum spjótum, með hlátri og sköllum. Verður honum svo mikið um þessa sjón, að hann hrópar hátt, hvort þetta sé í raun og veru sem honum sýnist, eða aðeins einhver sjónhverfing. Heyrir hann nú rödd, sem oft hafði svarað honum eða leiðbeint, og segir, að þeir sem hann sér brenna, fái þarna að reyna afleiðingar grimmdar sínar. Hafi þeir búið mörgum kvalafullan dauða, og jafnvel skemmt sér við að sjá þá kveljast, en „andarnir“, sem nú dansa svona kátir í kringum bálið, eru

einmitt sumt það fólk, sem þeir höfðu kvalið í jarðlífinu; en aðrir, sem tekist hafði að losna við allar hefndarhugsanir, koma þarna ekki nærri.

Skömmu síðar lægir bálið og slokknar síðan, en í staðinn fyrir birtuna af eldinum kemur dauft blátt skin. Sér Fr. þá, að þeir, sem brenndir höfðu verið, rísa nú upp úr öskunni og fara út úr hellinum. Þeir hafa orðið að þola dauðann á bálinu aftur og aftur, af því að eftir hverja brennu endurskapast líkaminn, þó að brenndur hafi verið til ösku, og er í rauninni skiljanlegt, að fyrir þá sem marga hafa kvalið til dauða, sé ekki fullu jafnvægi náð, þó að þeir deyi sjálfir kvaladauða í eitt skipti; en aftur á móti er gersamlega óskiljanleg hin forna trúarkenning, að nokkrum sé ætlað að brenna í eldi endalaust, vegna yfirsjóna í stuttu jarðlífi.

Fr. veitir nú einum af þessum upprisnu „öndum“ eftirför uns þeir komu í borg eina, og að mikilli byggingu þar, sem virðist vera Jesúítaklaustur. Sér hann nú í huga sér hvernig ævi þessa manns hafði verið. Hann hafði verið munkur á Spáni, og farið vestur um haf til að starfa að kristniboði í hinni nýfundnu heimsálfu. Hafði hann látið pynda og brenna á báli mikinn fjölda innfæddra, sem ekki vildu kasta trú sinni og taka kristni. Fr. sér glögg, hvernig hugarfar þessa manns hafði verið. Það sem stjórnaði gerðum hans, hafði verið miskunnarlaus grimmd og fégræðgi, en ekki trúaráhugi. Hafði hann snúið heim aftur til Spánar stórauðugur, og lifað þar síðan við mikla virðingu sem kirkjuhöfðingi, mjög dádur fyrir það, hve stórvirkur hann hafði verið að efla ríki Krists í hinum nýja heimi, er svo var nefndur. En svona fór fyrir honum eftir dauðann eins og Frímann hafði nú séð.

Ég sleppi að segja frá góðverki, sem Fr. gafst færi á að vinna í borgt þessari, eins og svo mörgu öðru. En þó að ég stytти söguna, mun ég samt ná tilgangi mínum, sem er að auka lesendum skilning á lífinu, og það mun betur, en þó að þeir læsu frumritið allt, því að þar er svo margt, sem skrifað er af engum skilningi á því sem um ræðir, og felst þó einmitt í þessum ágalla mjög fróðleg bending um, að þessi ævisaga

framliðins er ekki skáldsaga.

Frímann fer nú enn um vikurauðnir, uns hann kemur að aumlegum kofa og hittir þar fyrir, liggjandi í óhreinum hálmi, mann, sem virtist mjög aðframkominn. Segir maðurinn honum, að hann hafi einu sinni yfirgefið þannig féлага sinn, er hann hafði sært til ólífis, en stolið frá honum hans hluta af gulli, sem þeir höfðu rænt báðir, með lífsháska. Fr. spyr nú ræningjann, hvort hann langi ekki til að komast á fætur, og bæta fyrir illverk sín með því að hjálpa einhverjum, sem bágt ætti. Var ræninginn að vísu fús til að komast á fætur, en kvaðst ekki sjá neina nauðsyn á að fara að reyna að gera nokkrum gott, eða bæta á nokkurn hátt féлага sínum, sem hann hafði myrt. Reynir Fr. nú til að tala um fyrir honum, en getur ekki talið honum hughvarf, og verður að hverfa þarna frá við svo búið, en ræninginn kveður hann þannig, að hann tekur stein upp af gólfinu og reynir af veikum mætti að kasta í hann. Þegar út kemur, gengur Fr. um hrið, en sest síðan niður í auðninni og er í mjög döpru skapi. Hafði allt það ógurlega, sem hann sá í þessu myrkraríki fengið mjög á hann. Verður honum nú mjög hugsað til unnustu sinnar. Og nú verður hann var við milda birtu, eins og frá fjarlægri stjörnu, sem þó stækkar og færist nær, uns hann sér að þar er mynd unnustu hans, og ljósbaugur í kring, og er sem unnustan horfist í augu við hann og brosi til hans. Sýnin hvarf brátt, en hafði þó hresst hann svo, að hann stendur upp og heldur áfram. Verður hann þá var við tvo ræningjaflokka, sem eru að berjast. Þeir voru vopnlausir, en rífa og bíta hvorir aðra, líkt og þar ættust við úlfar eða tígrisdýr, en ekki menn; og eftir nokkra stund liggja margir á jörðinni ósjálfbjarga, en hinir hverfa á burt, og hafa með sér ránsfeng þann, er þeir höfðu tekið af þeim, sem undir urðu. Þegar allir voru í burtu, sem gengið gátu, fer Fr. að reyna, hvort hann geti veitt nokkra hjálp þeim, sem þarna lágu særðir, en árangurinn var einungis sá, að þeir reyndu til að bíta hann og klóra. Líktust þeir meir dýrum en mönnum, og mátti fremur heita að þeir hefðu klær en neglur, en þó höfðu þeir mannsból. Virðist Fr. nú, sem hann mundi þarna

enga hjálp geta veitt, en þá sér hann, að einn hinna særðu er með miklum erfiðismunum að reyna að skriða til hans, og var sá ekki eins hryllilegur í andliti og hinir, og sýnir ekki á sér fjandskaparmerki. Fr. lýtur nú niður að honum, og skilur, að hann er að reyna til að biðja um vatn, af því hann kveljist svo af þorsta, að líkast sé því, sem hann brenni í eldi. Fr. hefir ekki vatn, en dreypir á hinn særða vökva, sem honum hafði verið fenginn til ferðarinnar; hressist hann nú vel og spyr Fr. hvernig hann geti launað honum, en Fr. segir, að hann getið það með því að hjálpa einhverjum öðrum; er ræninginn þess fús og biður um að fá að vera með honum. Kveðst hann hafa verið stýrimaður á skipi ræningja og þrælasala. Og í einhverri orustu fellur hann ásamt mörgum félaga sinna, og höfðu þeir allir vaknað upp í þessum myrka stað. Hafði hann ávallt átt í bardögum síðan og illdeilum, og sárlangaði til að geta dáið, eða fengið á þessu einhverja breytingu. Fannst honum, sem hann mundi vilja vinna til hvað sem væri, ef Guð vildi fyrirgefa honum, og lofa honum að reyna aftur að lifa. Og þegar hann sá Frímann, kom honum í hug, að þarna væri nú, þrátt fyrir allt, engill sendur til að hjálpa sér. En þó virtist honum það undarlegt, að Fr. skyldi ekki hafa vængi, eins og englarnir á þeim myndum, sem hann hafði séð. En þar sem hann nú vissi, að þessi vondi staður var ekki svo mjög líkur því, sem honum hafði kennt verið, þá sá hann, að ekki var ólíklegt, að svo gæti verið um hinn staðinn líka. Kveðst Fr. ekki hafa getað annað en hlegið að þessu masi ræningjans, jafnvel í þessum stað hörmunganna, og segir honum nú, hver hann sé og í hvaða erindum hingað kominn. En ræninginn segir, að ef Frímann hafi hug á að bjarga einhverjum, þá séu hér í nánd mjög ömurleg fen og flóar, þar sem mjög margir ógæfusamir andar hafist við og komist ekki burt. Þeir koma nú að fenlendi þessu fyrr en varði, því að ekki sá langt til, en þefillan rakan gust lagði þaðan að þeim. Er nú framundan þeim stórt fen, sem stóð í þunn, svört leðja, en eins og fitubrák ofaná. Geysistór skriðdýr veltu sér í þessum Fúlasjó, en yfir svifu vængbreiðar leðurblökur, sem virtust nærri því hafa mannsandlit.

Svartan og gráan daunillan reyk lagði þarna upp af, en á bökkunum skreiddist fjöldi af geysistórum, slepjóttum dýrum. Hrollur fór nú um Frímann, og hann hugsar, hvort það geti átt sér stað, að nokkur „töpuð sál“ sé úti í þessari viðbjóðslegu eðju; en þá berast honum til eyrna utanúr dimmunni vein og köll um hjálp, og þegar svipar frá hinum illa eimi; sér hann hér og hvar menn, sem eru djúpt sokknir í eðjuna, en virtust hvorki heyra hann né sjá. Hinn fyrrverandi sjóræningi hafði um tíma verið þarna úti í eðjunni sjálfur, en tekist að brjótast í land. Sér nú Fr., að hann muni sjálfur verða að vaða þarna út í, eigi honum að takast að bjarga nokkrum þaðan, og litast um til að biðja ræningjann að koma með sér; en hann var þá horfinn. Frímann veður nú út í og tekst að koma einum „andanum“ upp á þurrt, og hnígur hann þar niður meðvitundarlaus, en Fr., sem er nærri örmagna af þreytu, sest hjá honum. Kemur hann nú auga á ræningjann úti í eðjunni, þar sem hann er að bisa við að draga „anda“ uppúr, og togar í hann af svo miklu kappi, með ýmsum sjómannshrópum, að „andinn“ biður hann aumkvunarlega um að fara sér hægar. Fr. fer nú úti aftur, og hjálpar ræningjanum til að koma einnig þessum „anda“ á þurrt; var ræninginn mjög ánægður yfir þessu afreksverki sínu, og leggja þeir nú báðir úti aftur, og segist Fr. þó hafa orðið að taka mjög nærri sér, svo bauð honum við þessum Fúlasjó. Ná þeir nú enn í land tveimur „öndum“; var annað kona, og hafði karlmaðurinn verið að reyna til að hughreysta hana, og varna því, að hún færi í kaf. Mun það einmitt hafa verið þessi viðleitni hans, sem því olli, að honum varð bjargað og báðum þeim. Fleiri voru þeir, sem þeim félögum tekst þarna að bjarga, og hafði sumt verið háttsett fólk í jarðlífinu. Frímann þráir nú mjög, að geta þvegið sér, eftir allt bröltið úti í eðjunni í Fúlasjó, en sér ekki, hvernig það geti orðið. En þá gýs þar alltíeinu upp hjá þeim buna af tæru vatni, þar sem allir gátu þvegið sér. Þó að það sé ekki þarna sagt, má þó vita, að það var vegna þess, sem Frímann og þeir félagar höfðu lagt á sig til að hjálpa öðrum, sem þessari hjálp varð komið til þeirra frá æðri stöðum. Er

auðveldara miklu um slíkt samband í hinu endurlíkamaða framlífi en í frumlífinu, svo sem hér á jörðu; en þó mætti svo breyta til einnig hér, að enginn kveldist til dauða, og meir og meir yrði hér unnið að því, sem nauðsynlegt er, en ekki að því sem síst skyldi. En hinn mikli erfiðleiki hér á jörðu, er að koma fram þeim sannleik, sem allt er undir komið að þekkja. En eins og sagan sýnir svo glögglega, birtist sá sannleikur ekki fyrst þar, sem auðurinn er og valdið hér á jörðu. En þó fara vandræðin vaxandi, þar sem sá sannleikur er ekki fundinn, eða ekki þeginn, þó að fundinn sé, og það er stefna hinnar vaxandi þjáningar, sem þar ræður. Kemur þetta glöggt fram hér á jörðu nú, því að þó að ýmsar ástæður séu nú þannig, að lifa mætti og lifað hafi hér verið miklu heilnæmara og farsællegra lífi en fyrri kynslóðir, þá dynja þó á, með stuttu millibili þau hörmungaél, að aldrei hafa verið önnur eins, og hið síðara þó þegar orðið mun verra en hið fyrra. Aldrei hafa t.d. áður í sögu mannkynsins líkt því eins margir farið í sjóinn og á þessum síðustu árum, eða á eins ferlegan hátt, einmitt eftir að mennirnir hafa lært að gera svo stórkostleg og fullkomin skip, að stormur og sjávaröldur geta varla grandað þeim.

Og vikur nú aftur að sögunni, þar sem frá var horfið. Frímann segir nú þeim, sem bjargað hafði verið, hvernig þeir geti sjálfir komist á framfaraleið með því að hafa hug á að bjarga öðrum, og segir svo ekki meira af þeim. Kveðst Frímann sleppa að segja frá mörgu af því, sem fyrir hann kom í björgunarleiðangri þessum, en ég sleppi aftur mörgu af því, sem hann segir, því að mínum tilgangi er náð, ef eitt-hvað greiðist um skilning á því, að framlífið er ekki neitt andalíf, og eins ef mönnum verður ljósara en áður, hvað það er sem einkum ber að varast, ef þeir vilja ekki lenda í hinum verri stöðum.

Ræninginn vill ekki yfirgefa Frímann, og eru þeir því saman enn um hríð. Koma þeir nú að miklum Dimmafjallgarði, og eru þó hér og hvar ljósir blettir eins og af maurildisbjarma. Leggja þeir nú á fjöllin og er erfitt, því að Fr. hafði hér alveg tapað hæfileika sínum til að svífa í loftinu.

Þarna gnæfa svartir hamrar og gína við ægidjúpar gjár og blakkar lægðir, eða gígir, sem mun vera hið réttara orð, því að óefað er þarna um eldfjallamyndanir að ræða, eins og svo víða í myrkheimi. Vein bárust þeim til eyrna neðan úr þessum dimmu djúpum, og köll um hjálp. Hryllir Fr. við að hugsa sér „anda“ niðri í þessum djúpum, en getur í fyrstu ekki séð nein ráð til að bjarga þeim. En sjóræninginn kann ráð. Dimmufjöll þessu eru mest gróðurlaus, en í sprungum og gjótum eru þó hér og hvar, sjálfsagt vegna jarðhitans, toppar og manir af einhverjum sinukenndum gróðri, sem ég efast þó mjög um, að rétt sé að kalla gras, þó að í bókinni sé svo gert. Segir hinn fyrrverandi sjómaður nú, að úr þessu „grasi“ megi flétta reipi, og það gera þeir. Kemst hinn fyrrverandi ræningi nú þannig niður í gjár og gígi, bindur reipið utanum „anda“ þá, sem hann finnur þar fyrir, en Fr. dregur þá upp, og sjómanninn á eftir. Björguðu þeir nú þannig nokkrum, en þegar þeir fundu ekki fleiri, hverfur bjarmi sá, sem áður var getið um, og þeir heyra rödd, sem segir: „Þið getið nú farið, verki ykkar hér er lokið. Að vísu eru margir eftir enn í þessum fjöllum, en þeir hafa ekki ennþá tekið þeirri hugarfarsbreytingu, að til nokkurs sé að reyna að bjarga þeim.“ Þeir Fr. komast nú, sennilega ásamt þeim, sem þeir höfðu bjargað, niður brekkurnar og ofaná jafnsléttu, þó að dimmt sé, og kveðst Fr. hafa orðið feginn mjög, að þurfa ekki að starfa meir í þessum stað.

Af orðum, sem hér er þó sleppt, má vel marka, að það hefir hvarflað að unnustunni, sem ritar þessa bók eftir frásögn hins framliðna unnusta, að þetta sé undarleg lýsing á öndum og andaheimi; en hún dregur þó ekki af þessu þá sjálfsögðu ályktun, að í raun réttir sé ekki um anda og andaheim að ræða, heldur líkamlegar verur og jarðheim, þó að bersýnilega geti ekki verið vor jörð.

Þeir Frímenn koma nú að hinu stórkostlega skóglendi, sem svo ótrúlegt er að vera skuli í hinum annars svo gróðurlitla og víðast hvar alveg gróðurlausa myrkheimi. En sú gáta er ráðin, þegar menn skilja, að þarna er einmitt um þesskonar gróður að ræða, sem ekki þarf sólarljóssins með til að

þrífast; eru þetta sveppjurtir nokkurskonar, en þó miklu stórvaxnari en hér á jörðu, miklar sem skógartré. Og svo eru þessir risavöxnu sveppir ránjurtir. Var það að vísu vel kunnugt, þegar bókin var rituð, að til eru jurtir, sem veiða smá skorkvikindi sér til viðurværis, en menn vissu þó ekki þá, að sumar svepptegundir eru í tölu þessara ránjurta, og sveppir þessir þó aðeins smávaxnir, og örsmá kvikindin, sem þeir ná í og nærast á. En hinir risavöxnu myrkheimsveppir nærast á mönnum, sem eru að villast í þessum hræðilegu skógum, og límast við hina svörtu stofna, ef þeir koma við þá, sakir hinnar þykku, þefillu kvoðu, sem útúr þeim smitar, eða þá þeir flækjast í „rótunum“, sem liggja allavega út frá trjám þessum „eins og slöngur“. Mun þar vera að ræða um það, sem grasafræðingar nefna „mycelium“ sveppanna. Verður seint ofmetið, hversu furðulega sannleikurinn kemur í ljós í þessari lýsingu á „skógargróðri“ myrkheims, og ekki furðar oss á að fréttu, að aumlega sé veinað í þessum Vítisskógum, þar sem fjöldi manna er pyndaður á hryllilegasta hátt, af algerðu miskunnarleysi. En ég ætla annars ekki að endurtaka það, sem ég hefi sagt af þessum myrkheimsgróðri, í Nýal, s. 59-60, heldur bæta því við, að röddin, sem Fr. hefir svo oft heyrt í þessum myrkheimsleiðangri sínum, segir nú, að hann muni ekki furða sig á, að hann sér svo margt fólk í þessum hryllilega kvalastað, ef hann vilji hugleiða sögu mannkynsins, og minnst þess, hversu margir þeir hafi verið hér á jörðu, sem beinlínis höfðu sér það til skemmtunar að kvelja aðra menn á hryllilegasta hátt í eldi, eða með því að fleygja þeim fyrir rándýr, sem rifu þá og slitu, og á enn annan hátt, eins og t.d. harðstjórinn Falaris, sem lét gera geysimikið nautiluslíkan af eiri. Voru síðan menn látnir í kvið málmnautsins og eldur kynntur undir. Þegar svo þeir, sem þannig var verið að kvelja til dauða, veinuðu, þá var líkt og nautið öskraði. Þótti harðstjóranum þetta hin besta skemmtun. En býsna undarlegur heimur væri þetta, ef slík skemmtun reyndist ekki nokkuð dýr, fyrr eða síðar, og einmitt ekki ótrúlegt, að þeir, sem svo djöfullega grimmd hafa sýnt, komi fram í slíkum stað sem Vítisskógurinn er, og

fái þar að reyna slíkt miskunnarleysi, sem þeir höfðu öðrum sýnt.

Röddin segir, að þarna sé enginn, sem Fr. geti bjargað, að svo komnu, en hann hafi fengið að sjá þetta sér til fróðleiks (og svo vitanlega einnig þeim, sem með því að lesa bókina eða kynnast henni, fá fréttir af þessu myrkheimsferðalagi).

Getur nú ekki eftir þetta um ræningjann, sem bætt hafði ráð sitt, en Tryggvin kemur til Frimanns og fer með hann upp í háan turn gerðan af svörtu grjóti. Sjá þeir þar yfir borg eina mikla, og er landið í kring algerlega gróðurlaus auðn. En að þeir geta séð, er vegna hins einkennilega bjarma, sem áður hefir verið getið um; og ennfremur koma til greina rauðir blossomar frá feiknamiklum eldum, sem kynntir eru þarna í borginni. Má þar sjá hallir, kastala, og aðrar byggingar, sem væru stórkostlegar, ef ekki sæust allstaðar merki hrörnunar og svívirðingar. Og er ekki ólíklegt, að það sé satt, sem þarna segir, að hinir dökku „andar“, sem slíka staði byggja, gleðjist yfir styrjöldum, blóðsúthellingum og hverskonar hörmungum, og að á óaldartímum fái þeir fremur en ella samband við íbúa jarðar vorrar, til að ná tókum á þeim og ýta undir allt hið illa.

Tryggvin yfirgefur nú Fr., er hann hefir sýnt honum borgina og lagt honum ýmis heilræði. Og ekki löngu síðar koma til hans tveir blakkir „andar“, framúrskarandi ljótir og svipillir; eru þeir þó vinalegir við Fr., láta í ljós ánægju sína yfir því, að hann skuli vera kominn til þessa fagra lands, og bjóða honum heim til sín í stórhýsi, sem er skammt þaðan, og þeir segjast eiga. Þiggur hann boðið, og koma þeir nú inn í stóran sal, þar sem fjöldi fólks er fyrir. Mikill eldur brennur þar inni, og sér Fr., að salur þessi muni einhverntíma hafa verið mjög tilkomumikill, en nú eru hin stórkostlegu vegg-tjöld í tætlum, og víða er blóðugt, en allsstaðar óhreint. Allt var fólkið þarna afskræmislega ljótt og illilegt. Gat hann séð hvernig hvers eins æfi hafði verið hér á jörðu, og var þarna enginn, sem ekki hafði einhvern myrt eða látið myrða, en sumir marga. Fólkið þarna vill fá hann til að eta og drekka með sér og taka þátt í skemmtunum þeim, sem þar voru á

boðstólum. En hann minnst heilræða Tryggvins og færist undan. Fr. kemur nú auga á konu, sem hafði fyrirfarið barni sínu af ótta við afleiðingarnar af því, að það kæmist upp, að hún hafði átt barn; skilur Fr., að það er vegna þessarar konu, sem hann er kominn í þennan stað; henni á hann að reyna að bjarga. Hafði konan ekki verið lengi í þessum stað, og hryggðist mjög yfir verki því, sem hún hafði unnið. Fr. tekst nú að ná tali af konunni, og kemst að raun um, að hana langar mjög til að komast burt úr þessum stað, jafnvel þó að hann segi henni að leiðin uppávið muni verða erfið. Tekur hann nú í hönd henni og ætlar að reyna að komast út með hana, en fólkið í salnum verður vart við, og safnast að þeim með ópi og illyrðum; þetta er njósnari, svikari er kallað, en sumir öskra af mikilli reiði: Þetta er einn af hinum bölvuðu bræðrum þarna ofanað, sem eru að reyna að stela frá oss þeim, sem vér skemmtum oss við að kvelja. Látum oss troða hann fótum, kremja hann, slíta hann sundur, var öskrað, og þusti nú mannfjöldinn að þeim, en Fr. list ekki á blikuna, því að ekki þurfti að efast um að þarna fylgdi hugur máli. En þegar hann heldur, að öll von sé úti, opnast veggurinn að baki þeim, og Tryggvin og annar „andi“ með honum, kippir þeim út, en veggurinn varð samstundis heill sem áður. Gerðist þetta allt með svo skjótri svipan, að illþýðið innifyrir áttar sig ekki á því, hvernig Fr. og konan höfðu komist undan. Segir Tryggvin nú, að ef Frimann hefði tekið þátt í skemmtunum þessa fólks, eða samlagast hugarfari þess á nokkurn hátt, þá hefði engin leið verið að bjarga honum. Er þetta mjög þess vert, að hugleiða það, vegna þess að það er einmitt af því, hvað samstillingin við æðri staði er lítil hér á jörðu, sem ekki verður komið fram hér, eða þá aðeins að litlu leyti, þeirri hjálp, sem þó er svo mikil þörfin fyrir.

Tryggvin fer nú með Fr. að höll einni mikilli, sem stóð utarlega í borginni. Þessa höll kannaðist Fr. mjög vel við, því að hún var gagnlík byggingu, sem hann hafði oft virt fyrir sér í jarðlífi sínu, og miklast af því með sjálfum sér, að eiga til þeirra frægu manna að telja, sem reisa höfðu látið þessa

stórkostlegu marmarahöll. En þrátt fyrir líkinguna, var mikil breyting á orðin. Í staðinn fyrir hina yndisfögru garða, sem verið höfðu kringum höllina, var hér nú svört og brunnin auðn, hin mörgu marmaralíknesi, sem svo mjög höfðu verið til skrauts, voru öll gegnbrostin og brotin sundur, en marmarinn í sjálfri byggingunni allur með sprungum, og sauri ataður. Fr. gengur nú með vini sínum upp marmarariðið að hallardyrnum, en þær ljúkast upp fyrir þeim sjálfar. Margir blakkir „andar“ eru þarna fyrir, og allir bjóða þeir þá velkomna, og virðist hafa verið búist við komu þeirra. Fer nú Tryggvin frá honum og segir, að þeir muni hittast aftur í öðrum stað. Þegar næstu dyr opnast, leggur þar út rauðleit-an bjarma, sem fylgdi svo mikill hiti, að Fr. heldur í fyrstu, að kominn sé upp eldur í höllinni; en brátt dofna bjarminn, verður einungis eins og af dumbrauðum glóðum, en stálgrá þoka leggst síðan yfir, sem fylgir svo ískaldur gustur, að hrollur fer um Fr. Fyrir gafli hins mikla salar, sem hann er nú kominn í, er hásæti, og situr þar furstinn, er höllina átti. Það var einn af forfeðrum hans, sem verið hafði hinn grimmasti harðstjóri, er marga af þegnum sínum hafði látið af lífi taka. Hin stórkostlegu veggkjöld, sem prýtt höfðu sal þennan svo mjög, voru nú fúin og upplituð, og í stað hinna frægu listaverka, var nú eins og myndasýning úr lífi mannsins, sem í hásætinu sat. Mátti þar sjá glæpina, sem hann hafði drýgt, og sviði þeirra, sem hann hafði látið myrða. Furstinn stendur nú upp og býður Fr. velkominn. Sér hann nú, að þarna er kominn sá forfaðir hans, sem hann og allt hans frændfólk hafði þótst svo mjög af að eiga til að telja, og hafði honum oft verið sagt, að hann væri líkur myndum af þessum forföður. Nú sá hann eins og á myndasýningu í kringum þennan mann, hvernig æfi hans hafði verið, og lá við að honum féllist alveg hugur, er hann skildi hversu fávíslegt og rangt hafði verið, að þykjast svo af slíkum forföður, einungis af því, að hann hafði verið voldugur nálega sem konungur. Verður oss hér að minnast sögu Farnese-ættarinnar. Frímenn hefir sagt áður, að móðir hans hafi verið af ætt hinna voldugustu þjóðhöfðingja, en einn af Farnese-

ættinni ítölsku hafði kvænst dóttur Karls keisara 5., og hafði vegur ættarinnar vaxið mjög eftir það. Var dóttursonur Karls keisara, Alessandro Farnese, mjög framúrskarandi hershöfðingi og stjórnari, en sonur Alessandros, Ranuccio I., hinn grimmast harðstjóri, svo að ekki virðist fjarri að ætla, að lýsing Frímanns á þessum forföður sínum, sem hann heimsækir þarna í myrkheimi, geti átt við hann.

Furstinn segir nú, að sér sé annt um Frímann sakir ættar hans, og lýsir yfir þeim vilja sínum, að hann dvelji þarna hjá sér framvegis. Hann hafði leitast við að ná tökum á þessum niðja sínum, í því skyni að geta með hans hjálp haft nokkru meiri áhrif á gang viðburðanna á jörðinni; en honum þótti Frímann hafa brugðist sér. En nú ertu hér kominn, segir hann, og þú skalt ekki fara frá mér aftur. Sjáðu nú, hverjar lystisemdir ég hefi búið þér. Sér Fr. nú fyrir sér, eins og í geysistöfum svörtum spegli jörðina og það líf sem þar yrði lifað, ef furstinn næði þar tökum ásamt þessum niðja sínum. Sýnir hann nú Frímanni mynd eftir mynd af því, hvernig þeir mundu geta stýrt örlögum þjóða, mótað andlegt líf þeirra, vakið styrjaldir. Verður Fr. nú ljóst, hvernig slíkur maður, sem grimmur hafði verið og drottnunargjarn í lífi sínu á jörðunni, getur haldið áfram að hafa ill áhrif einnig eftir dauða sinn. Verur þær, sem góða staði byggja, leitast mjög við að sporna á móti öllum slíkum áhrifum, en sú viðleitni hefir þó oft ekki getað varnað hinum verstu tíðindum. Virðist mér stórfróðleg þessi frétt af baráttu hins illa og hins góða um yfirráðin yfir mannkyni jarðar vorrar, og ætti slíkt að geta greitt fyrir skilningi á því, hver nauðsyn oss er hér á jörðu á sambandi við fullkomnara jarðlíf annarsstaðar í heimi. Munu viðburðirnir hér á jörðu verða mjög úr annarri átt, þegar myrkheimaáhrifum verður hér ekki komið fram, heldur aðeins áhrifum og hjálp frá betri stöðum. Mun þá verða að segja af furðulegum framgangi mannkyns í að gera jörðina byggilegri, fegri og betri bústað fólks, sem sjálft mundi taka hinum furðulegustu framförum.

Svo töfrandi eru fortölur furstans og myndirnar sumar, sem hann lætur Frímann sjá, að við sjálft liggur, að honum

sé farið að virðast girnilegt að dvelja þarna hjá þessum forföður sínum, og vinna með honum á þann hátt, sem hann óskar eftir. En þá sér hann bregða fyrir svip unnustunnar, og þótt daufur sé, þá hefir þetta þau áhrif á hann, að hann rankar við sér, og verður hans eina ósk nú að komast burt úr þessum stað. Hann stendur upp og ætlar að fara, en finnur þá, að hann getur sig ekki hreyft. Hinn hryllilegi forfaðir hans hlær kuldahlátur og segir: „Jæja, farðu þá, fyrst þú villt ekki þiggja það sem ég vil gera fyrir þig.“ Hæðist hann nú grimmúðlega að Fr., sem virðist fastlega fjötraður, en í höllinni dimmir, og illúðlegir, hræðilegir draugar þyrpast að Frímanni og færast nær og nær. Opnast nú fyrir fótum hans hvelving mikil, og sér hann þar niður í iðandi þröng af mannlegum verum. En hinn hryllilegi forfaðir skipar draugunum að kasta Frímanni niður í hið ógurlega, svarta djúp, til þeirra, sem þar eru þjáðir. Virðist honum nú sem öll von sé þrotin, en alltíeinu sér hann, hátt uppi í myrkrinu, blikandi stjörnu, og frá henni leggur til hans geisla, sem hann grípur báðum höndum líkt og taug væri. Finnur hann nú, að honum er lyft upp og burt úr þessari ógurlegu höll. Þegar Fr. fer að jafna sig eftir þessa óvæntu björgun, verður hann þess var, að hann er kominn út í auðnina, og er Tryggvin þar hjá honum, og ennfremur verndari hans Ahrinziman (sem nokkuð segir af í Framnýal). Hafði hann lifað hér á jörðu fyrir meir en 2000 árum, og var nú, eftir að hafa klifrað bratta leið uppávið, kominn í góðan stað, og hafði tekið að sér að bjarga og leiðbeina Frímanni, sem hafði verið honum ekki ólíkur að skaplyndi. Segir A. nú að Fr. hafi verið það nauðsyn að komast í þessa mannraun, því að hann hafi alltaf átt að verða fyrir nokkrum áhrifum frá þessum forföður, meðan hann var ekki alveg laus við að þykja fremd í að vera af honum kominn. Segir Ahrinziman honum, að nú fari að líða að lokum þessarar þrautaleiðar, en þó sé nokkuð eftir enn, og hverfur síðan.

Tek ég nú þar til sem Fr. og Tryggvin eru staddir á sléttu mikilli á þessari Ítalíu annarrar jarðar, sem Fr. er að segja af. Ganga þeir vinirnir upp á hæð eina og sjá þá mikinn

fjöldi dökkra „anda“ álangdar. Verða þeir þess brátt áskynja, að þarna eru tveir herir andspænis hvor öðrum, búnir til bardaga. Fr. verður starsýnt á foringja þessara herja. Eru þeir tilkomumiklir í sjón, en þó nokkuð líkt og ljón og tígrisdýr, og þykir Fr. jafnvel ekki duga, fyrr en hann hefir einnig tekið hrægama og höggorma til samlíkingarinnar. Svo ferlegur virðist honum svipurinn á herforingjum þessum. Þeir voru í stríðsvögnum, sem dregnir voru af mönnum, en ekki hestum. Nú eru lúðrar þeyttir ógurlega, og síðan falla saman fylkingar, og er þó í árás þessari ekki einungis hlaupið, heldur eru sumir sem takast upp, og fara bókstaflega í loftinu. Er nú barist í ákafa, ekki með vopnum, heldur með klóm og kjafti, svo sem dýr væru. Upp yfir alla gnæfðu hinir tveir herforingjar. Þeir láta sér nú ekki nægja að eggja menn sína, heldur takast sjálfir hátt á loft og snúa hvor að öðrum, og er sem eldur brenni úr augum þeirra. Berjast þeir nú þarna í loftinu eins og tveir ernir eigist við, og af svo mikilli grimmd, að Fr. virðist sem þeir hljóti brátt að falla niður flakandi í sárum. Berst leikurinn að dimmu gljúfri, sem gein við í hömrum nokkrum, er að sléttunni lágu, og þar tekst þeim, sem meira mátti, að slöngva hinum ofan í djúpið. Sennilegast þykir mér, að foringjarnir hafi alls ekki ætlað sér að berjast sjálfir, heldur verið knúðir til þess á einkennilegan hátt. Hvor þeirra lifði á liðsmönnum sínum, magnaði sig á því að draga til sín lífsafl þeirra, en þetta samband hefndi sín nú þarna, því að þegar þúsundirnar geystust fram í vígahug, urðu áhrifin þaðan á foringjana svo sterk, að þeir urðu undan að láta. En herirnir héldu áfram að berjast, uns flótti brast öðrumegin, og reyndi hver að forða sér sem best hann gat. Margir fangar eru teknir og dregnir burt, til þess að sigurvegarnir geti skemmt sér við að pinda þá, en enginn hirti um þá, sem eftir lágu særðir á vígvöllum, æpandi og stynjandi. Óhug slær nú á Fr., og vill hann feginn komast burt úr þessum stað, en Tryggvin snýr sér að honum og segir: „Nú er það sem við eigum að vinna okkar verk.“ Fara þeir nú niður á vígvöllinn og standa þar brátt innan um fjölda af mönnum, sem engjast og veina af

kvölum. „Þetta var mörgum sinnum verra að horfa á en nokkur vígvöllur dauðlegra manna,“ segir Fr. og gleymir því, að þessir menn voru nú raunar dauðlegir líka, dauðlegir enn, þótt dáið hefði einu sinni áður, og sjálfur hefði hann dáið tvisvar. Hann tekur nú undir höfuðið á hermanni, sem lá stynjandi fyrir fótum hans, en „andalíkami“ hans var svo kraminn og sundurtættur, að varla var á honum mannsmynd. Virðist manni sem þetta mundi nú varla geta átt sér stað um anda, en höfundur eða öllu heldur ritari, fer ekki að því. Nú heyrir Fr. rödd þá, sem hann var farinn að þekkja svo vel, segja, að hann skuli ekki hryggjast svo mjög yfir þessum mönnum, heldur hjálpa þeim eftir mætti, en nú sé fyrir þá komið að umskiptum til hins betra; muni þeir rakna við úr dauðadáinu til betra ástands á „sviðinu næst fyrir ofan“. Tryggvin sýnir nú Fr., hvernig hann eigi að lina þjáningar hinna særðu, og hjálpa þeim til að sofna, og bendir honum síðan út yfir sléttuna. Sér hann þá, að út um allan vígvöllinn skína sem smáblys væri, og voru það ljós Vonarbræðranna. Innan skamrar stundar voru allir þessir sofnaðir, sem engst höfðu og veinað. Og upp af öllum þessum líkömum sem hreyfingarlausir voru orðnir og þagnaðir, reis eins og ljós móða, sem tók á sig mannsmynd, og fullskapaðist meir og meir. En ofan að komu verur, sem tóku þessa upprisnu menn og báru þá burt. Foringinn, sem fleygt hafði verið niður í hið dimma gljúfur, var ekki í tölu þeirra, sem bjargað var. Sagði röddin Fr., að ekki hefði hjá hinum sigraða herforingja átt sér stað sú hugarfarsbreyting, að unnt væri að bjarga honum.

Vonarbræðurnir snúa nú heim aftur til aftureldingarlandsins, og er þeim þar vel tekið. Fr. finnur, þegar hann kemur inn í herbergi sitt, að þar bíður hans nýr klæðnaður, með fegri og skírari litum en sá, sem hann hafði borið um hríð. Þykir honum vænt um þetta, því að hann vissi, að það var tákn þess, að hann væri nú, er hann kom heim, á hærra stigi andlegs þroska en þegar hann lagði upp í þessa ferð. Einnig er nú í kringum myndina af unnustu hans komin umgerð af hvítum rósum, sem aldrei misstu lit eða ilm.

Hann hvílist nú um stund í hinu fannhvíta rúmi sínu, og horfir hugrór út um gluggann, á hin fjarlægu fjöll, sem alltaf virtist eins og sólin ætlaði að fara að gægjast upp yfir, þó að aldrei yrði af.

Þeim Vonarbræðrum er nú haldin veisla mikil, líkt og áður er af sagt, en þó með þeim mun, að nú fær hver þeirra pálmagrein í stað lárviðarsveigarins áður. Og enn er annar munur meiri. Veislugestirnir fá nú að sjá kvikmynd af öllum myrkheimsleiðangrinum, og er mjög áhrifamikill söngur með, sem stóð í miklu nánara sambandi við það, sem í leiðangrinum gerist heldur en það sem leikið er undir kvikmyndasýningum hér á jörðu við efni myndanna. Fr. horfir undrandi á myndasýningu þessa, og spyr síðan föður sinn, sem þarna var kominn til að fagna honum, hvernig þetta sé gert, og virðist helst ætla að um sjónhverfingar sé að ræða. En faðir hans segir, að þarna sé beitt vísindalegri þekkingu, en engum göldrum: „My son he answered, what you have seen is an application of scientific knowledge, nothing more.“ Talar hann í því sambandi um raðir af þunnum málmplötum, en tekur sig á og segir: „eða öllu heldur, plötur úr því, sem er hin andlega tilsvörun jarðnesks málms“. Þarf varla að efa, að sú skýring er frá unnustunni, sem bókin hefir fært í letur, en ekki frá Fr. sjálfum. En gaman hefði verið, ef tekist hefði að koma hinni vísindalegu skýringu í gegn, og þó ekki við því að búast, að svo gæti orðið; en þakkarvert og stórfurðulegt, að fá þarna þessa lýsingu á kvikmyndasýningu, og það miklu fullkomnari en eiga sér stað hér á jörðu ennþá, á þeim tíma, er undirbúningi kvikmynda var ekki svo langt komið, að farið væri að sýna þær almenningi. En tilgangur myndarinnar hefir vafalaust verið sá, að leiðangursmenn, sem höfðu starfað mjög hver í sínu lagi í myrkheimsför þessari, gætu fengið sem best yfirlit yfir förina í heild sinni, og eins með því að sjá sjálfa sig á myndinni, áttað sig betur á sinni eigin framkomu, en annars hefði verið kostur.

Nú kom nokkurra vikna hvíldartími fyrir Fr. og lá hann og mókti og þó án þess að vökuvitundin hyrfi alveg. Nær hann

sér nú alveg eftir dvölina í myrkheimi og tekur síðan aftur til að vinna á „jarðarsviðinu“, og þá einkum í borgum, sem svöruðu til hinna ferlegu eftirmynda, sem hann hafði kynnst í myrkheimi. En hann er ekki ánægður. Hann getur ekki á þennan hátt starfað eins mikið að sinni eigin fullkomnun og honum finnst þörf á, og hann skilur ennfremur, að hætta nokkur er á, að hann verði jarðbundinn, ekki síst vegna þess, hve mikill hugur honum er á að vera sem mest í nánd við unnustuna, og vaka yfir henni, og að vísu ekki alveg án afbrýði. Og hann skilur ennfremur, að hann verður að losa sig meir en orðið er, við afleiðingarnar af ýmsu sínu athæfi í lífinu hér á jörðu. Lá nú fyrir honum að heyja úrslita-baráttu áður hann yrði fær um að komast þangað, sem sólin er alltaf á lofti, og fá þar þátt í miklu fullkomnara lífi en hann lifði nú. Ahrinziman, sem hafði tekið hann að sér — sbr. ritgerð Plótíns: „Peri tú eilekhtos hemas daimonos“; „Um leiðbeinandann, sem hlýtur oss,“ þ. e. tekur að sér, eða fær það hlutskipti, að vernda og styðja til framfara þá, sem eru á lægra tilverustigi. — A. kemur nú til hans og segir honum, að tvær leiðir séu fyrir hann til að ná takmarki sínu, og önnur miklu styttri, en að vísu mjög miklu erfiðari. Þó ræður hann Fr. til að taka þessa styttri leið, segir, að áhugi hans og viljakraftur muni duga honum til að sigrast á öllum torfærum. Handan við fjöllin fjærstu, sem hann sér út um gluggann sinn, er þetta erfiða land, sem hann verður að komast yfir. Segir A. að ferðin þurfi ekki að taka nema 2—3 vikur, en að þær vikur muni verða erfiðar. Fr. tekur nú þennan kost, og líður ekki á löngu áður hann leggur af stað, með þunga byrði á baki, og segir ekki af ferð hans fyrr en hann er komin yfir fjöllin fjarstu, sem hann hafði séð heiman frá sér. Er þá framundan honum sandauðn víð, og síðan aftur fjallgarður. Þarna var enginn gróður og ekkert vatn, en sandurinn svo heitur undir fótum (sennilega af jarðhita), að til stórbaga var. Er Fr. nú nálega að þrotum kominn, og ofan á þetta bætist, að hann hefir alltaf eins og fyrir augunum allt það, sem hann síst vildi minnast úr jarðlífi sínu. Kemur loks þar, að hann sest niður og grætur beiskum

tárum. En þar sem tárin féllu á sandinn spruttu upp smá hvít blóm. Eftir þetta heldur hann áfram ferð sinni, og er nú miklu hressari, en hinar leiðu endurminningar eru horfnar. Er hann hefir farið um hrið, sér hann skammt undan konu, sem hélt á barni, og virtist þó aðeins með naumindum geta borið það. Hann flýtir sér nú að ná í konuna og býðst til að taka af henni barnið, sem er mjög óánægt og grætur. Þetta þiggur konan, og segir nú Fr. sögu sína. Hún hafði ekki viljað eignast barn, og þegar þó svo varð, þótti henni ekkert vænt um barnið, vanhirti það, og þegar það stækkaði fór hún að berja það og loka það inni í dimmu herbergi. Barnið dó þegar það var orðið 5 ára, og hún sjálf skömmu síðar. En þegar yfirum kom, þá var barnið þar, og alltaf á höndunum, hún losnar aldrei við það. Eftir að Fr. hafði tekið við barninu, hætti það fljótt að gráta, og sofnaði síðan. Þau halda nú áfram, og vaða sandinn þar til er þau koma að klettum nokkrum, og er þar hjá dálítil vatnstjörn. Þar setjast þau og hvíla sig, og sofnar Fr., en þegar hann vaknar er konan með barnið horfin. Hann heldur nú áfram ferð sinni uns hann kemur að fjöllum handan sanda; eru þau klettótt mjög og erfið uppgöngu. Leggur hann nú á stað upp brekkuna, og hefir skammt farið áður hann sér uppi í hömrnum ungan mann, sem heldur sér dauðahaldi í klettasnös, og við búið að hann hrapi þá og þegar. Fr. kemst til hans og tekst að hjálpa honum og koma honum alla leið upp á fjallsbrún. Var hann þá sjálfur blár og blóðugur eftir eggjagrjótið, sem hann hafði klöngrast yfir, en þunginn, sem á honum hvíldi, var nú horfinn. Ungi maðurinn heldur nú áfram yfir fjallið, en Fr. situr þar eftir nokkra stund og hvílir sig. Er honum nú orðið miklu léttara í skapi, og honum kemur í hug, hversu ólíkt honum hafi þarna farið og í jarðlífinu, er hann hafði mörgum ungum manni til hnekkis orðið á framabrautinni, með því að neyta ómannúðlega gagnvart þeim þeirrar aðstöðu, sem ætterni, frægð og hvöss tunga veitti honum. Ásetur hann sér nú, að hann skuli framvegis leggja kapp á að hjálpa efnilegum ungum mönnum, sem eru að leita uppávið. Fr. heldur síðan áfram uns hann kemur að gljúfrum

nokkrum. Var þar brú yfir, en ekki varð komist á brúna nema gegnum hlið eitt mikið, sem nú var lokað. Margir „andar“ voru þarna við hliðið, er sumir biðu, en aðrir leit-uðust við að opna hliðið, og er það ekki tókst, þá að brjóta það upp eða klifrast yfir, en hvorttveggja reyndist árangurs-laust. Hurfu þeir nú frá, er Fr. kom og ætluðu að sjá, hvernig honum gengi. Hliðið var af járn, hátt og sterklega gert, og sá Fr. ekki neinar líkur til að sér mundi betur ganga en hinum; þykir honum nú óvænlega horfa um sitt ferðalag. Nálægt honum er kona, sem grætur beisklega yfir því að komast ekki þarna í gegn. Snýr Fr. sér nú að konunni og leitast við að hugga hana, þó að sjálfur sé hann vondaufur, segir, að þarna muni þó greiðast úr. En sem hann er þarna að leitast við að telja kjark í konuna, er sem hið rammgerða hlið hjaðni niður, og þau geta bæði haldið þarna áfram hindrunarlaust. En er Fr. lítur við, sér hann að hliðið er þar eftir sem áður. Og hann heyrir rödd, sem segir, að honum hafi hliðið ekki orðið neinn tálmi af því að hann ástundaði að hjálpa konunni. Fr. sér nú þarna gamlan mann, lotinn og sjóndapran, sem er að leggja út á brúna, og reynir fyrir sér með staf sínum; er bersýnilegt, þar sem brúin var biluð, að gamli maðurinn muni ekki komast yfirum hjálparlaust. Hleypur Fr. nú til gamla mannsins og býðst til að hjálpa honum, en hinn vill í fyrstu ekki þiggja, segir, að brúin sé svo fúin, að hún beri þá ekki báða. Það verður þó úr, að Fr. tekur gamla manninn á bak sér og leggur út á brúna. Virðist honum öldungurinn furðulega þungur. Og þegar að brúarmiðju dregur, sér Fr., að gólfið er á bili fallið niður, og þannig, að hann mundi geta komist yfir, ef hann væri laus. En hvernig átti það að geta orðið með slíka byrði á baki, sem gamli maðurinn var? Hann ásetur sér þó að reyna, en gamli maðurinn segir, að það sé betra að hann skilji sig eftir, og er þó auðsætt, að honum fellur það þungt. En Fr. lætur ekki letjast, tekur nú á öllu sem hann á til, og kemst yfir. Hann lítur nú aftur, og sér, að aldrei hefir heilli brú verið, og að þar er enginn gamall maður, heldur verndari hans, Ahrinzi-man, sem brosir, er hann sér, hve mjög Fr. undrast, og segir,

að hann hafi verið að reyna, hve hjálpsamur og óeigingjarn hann gæti verið. Segir hann ennfremur, að nú sé aðeins ein þraut eftir og hverfur síðan. Segir hér ekki af þessari síðustu þraut, en að henni afstaðinni sofnar Fr., og er hann vaknar, er landslagið orðið mjög ólíkt því, sem hann hafði nú vanist um hrið. Hann liggur í mjúku, grænu grasi, og er hann stendur upp, sér hann, að þarna er fagurt engi þar sem líður fram silfurtær á. Gengur hann nú fram með ánni, uns hann kemur að fögrum trjálundi (eins og lesandinn e. t. v. man, hafði Fr. langalengi ekkert tré séð). Tjörn er þar í lundinum gróin vatnsliljum, en gosbrunnur í miðju. Og ekki líður á löngu áður þar kemur yndisleg stúlka í grænum hjúp, og með krans af vatnsliljum á höfði. Kveðst hún gæta þessa staðar, og sé starf hennar að annast þreytta ferðamenn, sem þarna ber að; hafði hún átt heima í skógi meðan hún lifði á jörðinni, en síðan hlotið þarna heimili umkringt skógum sem líktust þeim er hún hafði haft svo miklar mætur á. Skógardísinn ber nú Fr. mat og drykk, og sýnir honum síðan breiðan veg, sem liggur að hvíldarheimili, þar sem hann getur dvalið um hrið og náð sér eftir hið erfiða ferðalag. Þakkar Fr. nú stúlkunni vel, og hefir ekki lengi gengið, áður hann kemur að miklu húsi sem vafið er lauf- og blómfléttum. Voru þar margir gluggar á og dyrnar upp á gátt, eins og til að bjóða mönnum inn. Járnhlið er þar, gert af mikilli list; og sem Fr. stendur þar og undrast hliðið, opnast það af sjálfu sér, og hann gengur hinn breiða stíg upp að húsinu. „Andar“ í hvítum klæðum koma nú á móti honum, bjóða hann velkominn og fara með hann í snoturt herbergi, þar sem út um glugga gat að líta fagra grasflöt og yndisleg tré. Þetta var honum sagt væri svefnherbergið hans, og sofnar hann þar fljótt og vel. Þegar hann vaknar eru ferðafötin horfin, en í staðinn kominn búningur með nokkrum breytingum, sem táknuðu, að honum hefði farið fram. Honum er nú fylgt í stórt, skemmtilegt herbergi, þar sem voru allmargir „andar“, búnir eins og hann. Þótti Fr. gott að sjá þar konuna með barnið, sem hann hafi verið að hjálpa. Konan hafði tekið þeim breytingum, sem þurfti til þess að geta orðið

góð móðir, og þakkar Fr. nú vel þá hjálp, sem hann hafði veitt henni, en barnið kannaðist fljótt við hann og kom og settist á kné honum „alveg eins og jarðneskt barn mundi hafa gert“.

Fr. snýr nú heim á leið, en að vísu ekki til Aftureldingarlundsins, því að nú hafði hann eignast heimili á Morgunlandinu, en það lá handan við fjöllin, sem hann hafði aldrei séð sólina koma upp fyrir. Þarna var sem sól in væri nýkom in upp, en að vísu hækkaði hún aldrei á loftinu. Á þessu Morgunlandi hafði Fr. eignast lítið hús; luktur þar um græn fell á þrjá vegu, en framundan sá vítt yfir grænt og gullið engjaland. Tré eða runnar voru þó ekki í kringum þetta nýja heimili hans, og engin blóm að því undanteknu, að gulblómguð ilmjurt vafðist um innganginn. Segir Fr., að þessi eina blómjurt hafi verið gjöf frá unnustu hans, sem ennþá dvaldi á jörðinni, og býst ég við, að til sanns vegar megi færa, þó að útskýring hans á þessu sé mjög ófullnægjandi; en ekki ætla ég að sinni að reyna að bæta þar um. Ekki skil ég, hvernig graslendið framundan húsi Fr., gæti réttilega verið kallað grænt og gullið, ef ekki hefði verið innanum grasið eitthvað í líkingu við fífla og sóleyjar.

Það fær Fr. nú mikils unaðar eftir alla dvöl sína og erfiðu verk í myrkri og rökkri, og þar sem þó aldrei sá sól, jafnvel þegar skárst var, að hvílast í þessu húsi, sem hann hafði áunnið sér með verkum sínum, og sjá morgunskinið frá heiðbláum himni. Og þarna kemur faðir hans til hans og biður hann „að koma með sér til jarðarinnar“ og láta unnustuna sjá í vitrun þetta nýja heimkynni. Býst ég þó við að um nokkuð annað sé að ræða en það, að þeir feðgar hafi í raun réttri horfið burt úr þessum stað til þess að koma fram á jörðu vorri. Fr. kveðst ekki ætla að þreyta lesandann á því að segja enn frá verki sínu „á jarðarsviðinu“, en kveðst smátt og smátt hafa lært það, sem honum hafði þó erfiðlega veitt, að fyrirgefa óvinum sínum, og launa illt með góðu, jafnvel þeim, sem hann helst þóttist hafa haft ástæðu til að hata. Þegar sú þraut er unnin, snýr Fr. sér að því af enn meiri áhuga en áður, að auka sér skilning á „andalandinu“

og öllum ástæðum þar. Hittir hann þá oft vin sinn Hassein, sem fræðir hann um margt, er hann hafði ekki vitað eða skilið áður. En í því, sem af þeirri fræðslu segir, er svo mikið af misskilningi, að lesendur mínir væru litlu bættir, þó að ég færi að skýra frá því. Aðaltilgangurinn með ritgerð þessari er að greiða fyrir þeim undirstöðuskilningi, sem svo ómissandi er, ef nokkur veruleg framför á að geta orðið í þessum efnum, að lífið eftir dauðann er nú einmitt ekki andalíf í andaheimi. Og til þess að menn sjái, hversu mikilla skýringa mundi þurfa með og umbóta, ef að verulegu gagni ætti að geta orðið fræðsla Hasseins, læt ég koma hér sem nákvæmasta þýðingu á nokkru af því, sem Fr. hefir eftir honum, er hann biður hann eitthvert sinn að segja sér af „sviðunum og afstöðu þeirra til jarðarinnar“.

„Orðið spheres (svið),“ segir Hassein, „er eins og þú hefir séð, haft um þessi miklu belti af andlegu efni, sem umkringja jörðina og aðrar jarðstjörnur. Það er ennfremur haft um þessar ennþá miklu víðtækari hugsanaöldur, sem berast um alheiminn. Vér getum þannig sagt, að það séu til tvennskónar svið (spheres), þau sem eru að nokkru leyti efnisleg og umkringja hvert sína eigin jarðstjörnu, eða sitt eigið sólhverfi, og eru dvalarstaðir hinna andlegu íbúa hvernar jarðstjörnu. Þessi svið skiptast í belti, sem sýna líkt og rimar í framfarastiganum, hversu langt andarnir eru komnir andlega.“

Ég sleppi framhaldinu, þar sem á ennþá óskiljanlegri hátt er sagt frá hinum „sviðunum“, því að þetta, sem þýtt var, ætti að nægja. Og er ekki auðvelt að ráða af því, að sannleikurinn er sá, að þeir sem deyja á frumlífsjörð (eins og vor er), fá á jarðstjörnu, sem er í öðru sólhverfi og jafnvel öðrum sólnasveip (vetrarbraut), nýjan líkama, engu síður af efni gerðan en þann, sem dauður er. Eða að sumt af því, sem sagt er, má heimfæra til þess, að á jarðstjörnu, sem fengið hefir bundinn möndulsnúning, eru belti, þar sem birtan er alltaf eins, eða breytist aðeins lítillega, eins og kemur svo vel fram í þessari ævisögu Fr., þar sem sagt er af myrkheimi,

rökkurlandi, aftureldingarlandi og morgunlandi; en þar dvelur Fr. enn, þegar hér er komið sögunni.

Annað, sem þýða mætti af því, sem haft er eftir Hassein, er þetta: „Englar eru sálir, sem hafa farið alla leiðina frá lægsta stigi mannlífs á jarðstjörnu, um öll jarðstjörnusviðin, þangað til þeir komast á hin himnesku svið sólhverfanna, sem er vor Himinn Himnanna, og eins langt fyrir ofan vorn himin jarðstjörnusviðanna og hann er fyrir ofan lífið á jarðstjörnunni sjálfri.“

Þegar Fr. hafði dvalið þarna um hríð á Morgunlandinu, fór líkt og ég býst við sé um farfuglana, þegar líður að því að leggja af stað til landsins, sem er þeirra fósturjörð. Hann fer að sjá til lands, sem er fegra en nokkurt, sem hann hafði áður augum litið. Silfurtær elfur streymir þar fram, og þar eru skógartré vorlegri og yndislegri en hann hafði áður séð. Og Fr. fer einnig í því líkt og telja má víst, að fuglunum fari. Hann áttar sig ekki á því að þetta er hugsýn en ekki augsýn, og kemur þetta skemmtilega fram í frásögninni, þar sem segir, að þegar hann fer að stara á þetta fagra land, eða m. ö. o., reyna til að beita augunum, þá hverfur það. Aftur og aftur sér hann þessa sýn, og ber þó mest á mjög fögru hliði, sem virðist af gulli gert. Og einn dag, er svona ber við, er faðir hans allt í einu kominn til hans, klappar á öxl honum og segir, að handan við þetta gullna hlið, sé hið ágætasta hérað annars „andasviðsins“, og þar sé honum nú búinn dvalarstaður. Sjálfur kveðst faðir hans nú eiga heima í 3. andasviðinu, og muni sér verða auðveldara um að heim-sækja hann, þegar hann er kominn til hins nýja bústaðar, og hefir þannig flutst nær honum. Virðist þetta vera svo að skilja, að sonurinn sé ennþá á þeirri jörð, sem hann flutti til, þegar hann dó, en faðirinn kominn á hina þriðju jörð. Vér fáum þarna þá skrítnu frétt, að í „andalandinu“ sé ekki eins og á hnöttóttri jarðstjörnu, neinn sjónhringur, þar sem kemur saman himinn og jörð, þar sé engin himinhvelfing, heldur sé himininn eins og flatt loft, en æðri sviðin liggi eins og á fjallatindum, hvert upp af öðru. Og er það vitanlega misskilningur, að jarðstjörnur framlífsins séu ekki hnettir;

en ef til vill kemur þarna til greina, að í ljósheimi framlífs-hnattar sé hið æðra líf, hinar fullkomnari byggðir einkum á hálendari stöðum, eitthvað í líkingu við það, að þar sem sólarhitinn er mestur hér á jörðu, þykir best að eiga heima upp til fjalla.

Fr. leggur nú af stað til fagra landsins, og segir ekki af ferð hans fyrr en hann er kominn að hinu silfurtæra bergvatni, sem hann hafði séð svo oft í vitrun. Brú var þar engin, en glaður kastar hann sér út í og syndir yfir um. Hann bjóst nú við að vera rennvotur, þegar upp úr kom, en á augabragði er hann þar eins og hann hefði ekki í vatn komið. Er slíks einnig getið í öðrum sögum af lífinu „hinumegin“, og margir munu kannast við slíkt úr draumum sínum. Þá dreymir, að þeir séu að synda, en eru þurrir, þegar þeir koma á land. Mun þetta standa í sambandi við hið aukna lífsafl hins endurlíkamaða. Annað vekur þó furðu Fr. ekki síður. Þarna á hinum bakkanum er hann kominn í önnur klæði en þau, sem hann var í, þegar hann steypiti sér út í fljótið. Klæði hans eru nú skínandi snjóhvít, með gullnu belti og borðum, en tekin saman um háls og útlimi með gullspennum. Aftur og aftur virðir hann fyrir sér þennan nýja klæðnað sinn, og gengur síðan að gullna hliðinu. Þar var enginn vörður. Jafn-skjótt og hann snertir hliðið, opnast það og við honum blasir breiður stígur, en til beggja handa hinn fegursti gróður, tré og blómjurtir, líkt því, sem hann mundi eftir frá ættjörð sinni, Ítalíu, en bar þó langt af að ilm og litprýði. Og eigi einungis það. Trén réttu fram greinar sínar eins og í kveðju-skyni, og blómkrónurnar sneru sér að honum eins og brosandí. Yfir honum var himininn heiður og blár, og sólin virtist honum skína fegur en hann hafði nokkurntíma séð sól skína hér á jörðu. Og þegar hann kemur lengra uppeftir stígnum og meiri útsýn gefur, blasa við yndislega blá og purpuralit fell, en á milli þeirra blikar á vatn, með smáeyjum hér og var, en milli þeirra liðu fram bátar með glöðu fólki í skínandi marglitum klæðum. Þetta var svo líkt hans elskuðu fósturjörð, og þó svo ólíkt, svo laust við allt sem spillt gæti eða skyggt á. En nú kemur fólk á móti honum. Þekkir

hann þar föður sinn og móður, sem hafði dáið frá honum svo ungum, að hann mundi varla eftir henni, systkini hans voru þar tvö, og margir æskuvínir. Þarf ekki að efa, að það sé rétt frá sagt, að þarna hafi orðið fagnafundur og Fr. nálega sem yfirkominn af gleði. Og þó skorti nokkuð. Jafnvel á þessari stundu þráði Fr. að sjá unnustuna, sem honum fannst hann eiga það að svo miklu leyti að þakka, að hið erfiða ferðalag hafði tekist svona vel. En einnig þessari ósk hans var fullnægt. Svipur unnustunnar birtist honum, og var hún sem sofandi, en opnar þó snöggvast augun og brosir til hans. Því næst fylgir fólkið honum til hins nýja bústaðar. Var það hið yndislegasta hús, umvafið fegursta blómskrúði. Herbergin voru sjö, stór og víð, og sérstaklega gerð eftir hans smekk og þörfum. Finnst honum sem hann eigi ekki svo fagran bústað skilið. Hús hans stóð efst á felli, hátt uppi yfir vatni því, sem áður getur um; en fjær nokkru en þetta fagravatn, sá ofan í breiðan dal. Og svo er þetta hús á fjallinu nokkurskonar Hliðskjálf, því að hann gat þaðan eigi einungis séð þau lönd, sem hann hafði farið um eftir að hann dó, heldur einnig jörðina, sem honum virtist eins og fjarlæg stjarna, og eru það eftirtektarverð orð.

Fr. er nú sýnt húsið, eru þar 4 herbergi niðri en 3 uppi. Fyrst skoðar hann hljómlistarherbergið, en það var þaðan, sem hann sá hina fjarlægu jörð. Hljóðfæri voru þar af ýmsum tegundum, en veggina prýddu blóm og myndir, þar á meðal myndin af unnustu hans, sem áður er getið um. Legubekkur var þarna, gerður af marmara fegri en til er hér á jörðu, og ábreiður voru þar meir en dúnmjúkar og með hinum fegursta lit. Kveðst Fr. oft hafa legið þarna síðan, og horft til jarðarinnar. Næsta herbergið mátti nálega heita safni líkara en íbúð, svo mikið var þar um myndir, og þó öllu smekklega fyrir komið. Þarna gat hann séð myndir, sem minntu hann á það, sem helst hafði verið gott og skemmtilegt í jarðlífi hans. En liti hann út um gluggann, sá hann til landa, „sem ennþá voru fyrir ofan hann“. Í þessu herbergi var allt, sem glatt gæti augað og hvílt líkamann, segir Fr., „því að líkamir vorir þarnast hvíldar eins og líkamir yðar á

jörðinni. “ Einn salurinn var ætlaður til að taka á móti gestum, og var þar „vist á borðum“ slík sem áður hefir verð lýst, ávextir, brauð og óáfengt vín. Má ætla, að vín það, sem Snorri segir að Óðni sé bæði matur og drykkur, muni vera eitthvað líks eðlis. En af allri þessar lýsingu má glögglega marka, að Fr. muni nú vera kominn í stað, sem svarar því er Swedenborg nefnir hinn neðsta himin, því að þar er enn um fæði og klæði að ræða. En þegar ofar kemur, er líkaminn orðinn svo fullkominn, að ekki er framar klæða þörf, né fæðu, er látin sé í munn og maga. Úr húsinu var farið út í hinn fagra garð, er þar var í kring. Var það einkum eitt hornið í þessum yndislega blómagarði, sem Fr. fékk sérstakrar mætur á, því að þaðan sá betur „of heima alla“ en í öðrum stöðum þessa nýja heimkynnis hans. Kveðst Fr. oft hafa setið þar síðan, horft til jarðarinnar og hugsað til unnustu sinnar, og þrátt fyrir allar þær milljónir mílna, sem á milli voru — segir Fr., og mundi þó vera óhætt að taka til billjónir eða öllu heldur billjónir billjóna — náðu þó hugsanir þeirra saman. Nú sest fólkið allt að veislu þeirri, er það hafði búið Fr., og er hann nú svo sæll og glaður, að honum finnst nálega sem þetta hljóti að vera draumur, sem hann muni vakna frá, þá og þegar. Síðan fer allt fólkið, nema foreldrar hans, sem verða eftir til að sýna honum nánar það, sem í þessum fagra bústað var sérstaklega gjöf frá þeim.

Fr. unir nú þarna um hríð, en þó hvarflar að honum stundum nokkur tilfinning þess, að hann sé þarna einmana. Heimili foreldra hans var ekki í þessum stað, og sú, sem hann þráði umfram allt, dvaldi á jörðinni ennþá, og hann vissi, að hún mundi eiga þar langa dvöl enn. En einn dag kemur Tryggvin til hans, og kveðst koma vegna vinar síns, er nýkominn sé í þennan stað, og langi til að dvelja hjá honum; en Fr. segir þennan vin hans vera velkominn, og segir þá Tryggvin: Hann er nú raunar þinn vinur líka, og nefnir nafn hans. Verður Fr. nú glaður mjög, því að þessi maður, Benedetto hét hann, hafði verið vinur hans mikill. Hann hafði verið málari mjög frægur, en lenti í óláni, og átti nú að baki sér nokkuð líkan feril og Fr., er hafði hitt hann

í myrkheimsför sinni, í Feneyjum þess staðar, er hann var að komast á leiðina uppávið. Segir Fr. ýmislegt ekki ófróðlegt af þessum myrkheims-Feneyjum, sem ber því ótvírætt vitni, að ekki hafði allt í þeim bæ hér á jörðu verið eins og ætti að vera. Sást þar á hafinu fyrir utan hinn mikli herfloti þessa fræga lýðveldis, þar sem ræðarnir voru hlekkjaðir við þóftuna, því að ekki þótti óhætt, að þeir væru lausir. En nú var sú breyting á orðin, að þeir, sem á þessum Myrkheims-Feneyjaflota voru hlekkjaðir og þjáðir, voru þeir hinir sömu, sem í jarðlífinu höfðu aðra þannig leikið.

Nú var hið illa allt að baki fyrir þeim Fr. og B., og una þeir nú báðir saman í þessum fagra stað. Segir Fr., að hann geti ekki sagt frá þeim mörgu vinum, sem komu að heim-sækja hann í þessum bústað hans, eða frá þeim mörgu fögru borgum og yndislegu héruðum, sem hann sá á þessu undralandi. Og er það að vísu skaði mikill, en vér skiljum vel, að tilgangur hans hefir fyrst og fremst verið sá, að lýsa fram-sókn framliðins frá myrkrinu til ljóssins, á þá leið, að oss hér á jörðu mætti að nokkru gagni koma. En þó bætir hann nokkru við, sem að vísu er stórfróðlegt, og gefur oss nokkra bendingu um mjög merkilegt náttúrulögmál. Því lengra sem maðurinn er kominn uppávið, þess auðveldara verður um samband við enn æðri staði, samband við íbúa stjarna, sem lengra eru komnir á hinni réttu leið, einmitt þesskonar samband, sem oss hér á jörðu vanhagar svo mjög um, og liggur þar þó við öll framtíð mannkyns vors á þessari jörð, að úr verði bætt.

Eitthvert sinn, er Fr. liggur í hinu undurfagra hvílurúmi, sem foreldrar hans höfðu gefið honum, verður hann þess var, að Ahrinziman, verndari hans og leiðbeinandi, er að leita sambands við hann. Reynir hann þá til að taka þar undir sem best hann getur. Og brátt virðist honum veggir herbergisins hverfa, en í kringum hann verður eins og furðulega björt „ljóspoka“. Og þá virðist honum, sem sál hans hefjist upp frá „andalíkamanum“, sem liggur eftir í rúminu. Hærra og hærra finnst honum hann rísa, og honum hefir aldrei fundist hann vera eins léttur, jafnvel eftir að hann „varð

andi“. Loks er hann kominn á fjallstind háan, og getur hann þaðan séð jörðina og þau „svið“, sem henni tilheyra, snúast fyrir neðan sig. Einnig sér hann „sviðið“ þar sem hann átti nú heima, og þó langt fyrir neðan þann stað sem hann var nú kominn í. Er það bersýnilegt, að þarna er um að ræða líka reynslu og þá, sem spekingurinn Plótín segir frá í hinni stórmerkilegu ritgerð sinni „um niðurför sálarinnar í líkamina“ (Enn. IV, viii, sbr. Framnýal, s. 250). En það er ein af unaðssemddum þess lífs, sem Fr. er nú farinn að geta lifað, að slík reynsla veitist þar oft og miklu fullkomlegar en orðið getur hér á jörðu ennþá. En mikið mun á það skorta, að frásögnin af þessu hafi getað orðið slík, sem Fr. hafði til stefnt.

Fr. er í draumi kominn til hinnar fjarlægu stjörnu, þar sem Ahrinziman á nú heima, og þó sennilega þannig, að með tilstyrk þessa verndara síns, hefir hann um stund fengið þarna nýjan líkama, jafnframt því sem líkami hans liggur þó kyrr í rúminu í hinu fagra svefnherbergi hans á sólarlandinu. Nú virðist honum hann standa þarna við hlið Ahrinzimans á hinum háa fjallstindi, og „eins og í draumi“ heyrir hann rödd hans: „Son minn, sem ég hefi kjörið mér“ — segir A. — „sjáðu hvað það er, sem ég vil að þú vinnir að. Sjáðu jörðina og þau „svið“, sem henni fylgja, og hversu mjög velferð jarðarbyggja er komin undir því verki, sem ég vil að þú takir þátt í.“ Og þarf ekki að efa, að það er rétt, og er nú einmitt þessi bók, sem unnustan hefir ritað fyrir áhrif frá Fr., einn ávöxtur þessarar þátttöku hans í hinu mikla verki, sem Ahrinziman á við. Og mikils hefði það verið vert, ef tekist hefði að fá ritað það, sem til var stefnt. En þó að því fari að vísu mjög fjarri, þá sá Ahrinziman það fyrir af visku sinni, að þessi bók Franchezzós og unnustunnar, mundi koma þeim fyrir augu, sem gæti bætt svo um, að ljóst yrði það, sem einkum ríður á að skilja. En það er skyldleiki frumlífs og framlífs, og nauðsyn, en einnig hættur, sambands vors hér á jörðu við lífið á öðrum jarðstjörnum alheimsins.

Þar sem A. biður Fr. að „sjá hið mikla jarðarsvið, sem

hringsnýst, og hvernig segulstraumur þessa beltis beri á öldum sínum óteljandi milljónir af öndum“, þá hygg ég þar muni vera mikil þörf lagfæringa og útskýringa. Líklega lýtur þetta að lífgeislaninni milli óteljandi milljóna byggðra hnatta í himingeimnum, og er að þessu sama vikið, þó að á nokkuð annan hátt sé, í hinu merkilega verki franska verkfræðingsins Cabarel, sem ég hefi getið um í Framnýal. Auðskildara er það, þegar Ahrinziman er að sýna kjörsyni sínum, hvernig margir framliðnir eru að reyna til að hugga syrgjandi ástvini sína, og sárhryggjast sjálfir, þegar þetta tekst ekki, af því að sambandið við það, sem menn nefna annan heim eða andaheim, en er í raun réttri líkamlegt líf á öðrum jarðstjörnum alheimsins, er svo ófullkomið hér hjá oss.

Þá er enn býsna fróðlegt, þegar A. bendir Fr. á, hvernig áhrifin frá myrkheimabúum geta á illum tímum, eins og flætt yfir jörðina, og valdið hverskyns böli, og hvernig ljósheimabúar leitast við að hjálpa, og verður þó minna ágengt en þyrfti. Og er ekki við því að búast, að í bókinni hafi tekist að skýra frá því, hvað það er sem mest veldur því, að árangurinn frá hjálparviðleitninni hefir ekki getað orðið meiri en það, að mannkyn jarðar vorrar er nú á barmi glötunarinnar. En aðalástæðan er einmitt skortur þeirrar þekkingar, sem ég hefi verið að reyna til að greiða fyrir. Allt, sem miðaði til að koma þeim skilningi fram, hefir átt svo sérstaklega erfitt uppdráttar hér á jörðu. Ef vér gætum að mannkynssögunni, þá er það augljóst, að mestu mikilmenni sögunnar — er svo hafa verið nefndir — þeir sem mest voru metnir og mest máttu sín, voru oft jafnframt hin mestu illmenni, menn, sem eftir dauðann héldu áfram lífi sínu sem stórhöfðingjar í hinum verstu stöðum myrkheima, eins og Fr. víkur nokkuð á í frásögu sinni, og einnig er nokkuð af sagt í Framnýal. Aftur á móti hafa þeir, sem var það mest áhugamál, að leita sannleikans, sjaldan verið í tölu hinna miklu manna sinnar samtíðar, og stundum hafa þeir verið hraktir og hrjáðir, og jafnvel lífláttnir, svo sem væru þeir glæpamenn, og það af verstu tegund. Sagnfræðingar og heimspekingar eru ennþá

ekki farnir að meta þetta eins og vera ber, og skilningurinn á sögu mannkynsins er þess vegna ennþá til muna skakkur og ófullnægjandi. Það væri þó mjög rangt að neita því, að jafnvel meðal þjóðhöfðingja hafa verið til miklir ágætismenn, sem hvorki öfluðu sér valda með illverkum né heldur beittu þeim þannig, og mun þar enginn vera framar en Markús Árelíus Rómverjakeisari. En þessi ágæti maður varð þó mestan sinn valdatíma að heyja ófrið á útjöðrum Rómaveldis, til þess að aftra villimönnum þeirra tíma, sem kallaðir voru, frá því að vaða yfir ríkið. Var svo í hendurnar búið á þessum fágæta ágætismanni, að hinir framúrskarandi mannkostir hans gátu ekki orðið að þeim notum sem svo mjög hefði þurft.

Lýsing Franchezzós á svefnförum sínum til annarrar jarðstjörnu, er að því leyti til stórmerkileg og rétt, að hún bendir til þess, hve mjög draumlífið í hinum góðu stöðum, er uppávið. En svo segir hann einnig nokkuð frá annarri hlið þessa sambands við æðra líf. Í sólarlandinu þarna sem hann dvelur, er glæsileg höll, og í henni salur mjög stórkostlegur, þar sem koma gestir frá „æðri sviðum“, þ. e. frá jarðstjörnum, þar sem lifað er ennþá fullkomnara lífi en þarna er, og fræða þá. Og það má vel ráða í, að fræðslan muni aðallega miða að því, hvernig samband lífsins í alheimi verði aukið, og þá ekki síst, hvernig takast megi að koma svo fram áhrifum frá góðum stöðum, að snúið verði til réttrar áttar á útjöðrum sköpunarverksins, svo að ekki verði þar framar hrörnun og dauði, né heldur lifað svo illu lífi, að framlífið verði myrkheimalíf eða rökkurheima, þar sem menn þrífast því betur sem þeir eru verri, og þó aðeins um stundarsakir. Því að það er eitt af undirstöðulögmálum tilverunnar, að hvert illverk kemur fyrr eða síðar fram á sjálfum þeim, sem það hefir unnið.

Fyrir gafli í sal hinum mikla, sem áður var getið um, er mynd, sem heitir „hinn fullkomni maður“. Og þó er jafnvel ekki þarna um fullkomnun að ræða öðruvísi en þegar miðað er við þá, sem ekki eru komnir eins langt í þróunarstiganum. Maður þessi á myndinni horfir hrifinn þangað, sem ennþá

meiri fullkomnunar er að vænta. Brautin uppávið er óendanleg. Og undirstöðulögmál er það, að því meiri fullkomnun, sem náð hefir verið, því fremur verður við hana bætt. bætt. —

Franchezzó lætur í lok sögu sinnar í ljósi mikinn áhuga á að menn láti sér skiljast, að það er sönn saga en ekki skáldsaga, sem hann hefir verið að reyna að fá unnustu sína til að rita. Og þarf ekki að efa, að það er rétt, jafnvel þó að það geti hinsvegar ekki verið vafamál, að margt hefir í sögunni orðið öðruvísi en hann ætlaðist til, og margt jafnvel fallið burt. En það hygg ég, að Franchezzó muni líta svo á, að þetta ágrip af sögu hans, sem hér er, ásamt nokkrum skýringum, muni geta stuðlað að því, að þessi merkilega tilraun hans til að segja frá ævi sinni eftir að hann kom á aðra stjörnu, muni meir verða til nauðsynlegs þekkingarauka en ella mundi.